



SKÓGRÆKTARFJELAG ÍSLANDS

ÁRSRIT 1937

K A U P I Ð

timbur, glugga, hurðir og lista,
hjá stærstu timburverzlun og
trjesmiðju landsins. — Hvergi
betra verð.

Kaupíð gett efni og góða vinnu.
Þegar húsin fara að eldast, mun
þú koma í ljós, að það margþing-
ar sig.

TIMBURVERZLUNIN
VÖLUNDUR H.F.
REYKJAVÍK.

Siðal 143L Síminn: Völundur.

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFJELAGS ÍSLANDS

1937



REYKJAVÍK MCMXXXVII - ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.

Efnisyfirlit.

Hákon Bjarnason: Þjórsárdalur	bls. 5
H. J. Hólmjárn: Jarðvegurinn og gróðurinn	- 36
Árni G. Eylands: Messutrjen í Þrastalundi	- 43
Ragnar Ásgeirsson: Reyniviðurinn í Nauthúsagili	- 59
Hákon Bjarnason: Góður gestur	- 62
Sami: Frá Fossvogsstöðinni	- 65
Sami: Ýmislegt	- 68
Sami: Um skógræktarstörf og frá ferðum mínum sumarið 1936	- 72
M. Júl. Magnús: Fjelagsstarfsemi 1936	- 83
Sami: Reikningar fjelagsins	- 90

Hákon Bjarnason:

Þjórsárdalur.

Inngangur.

Vart mun hvíla meiri ævintýrablaer yfir nokkru hjeraði á Íslandi heldur en Þjórsárdal. Í fornöld var blómleg byggð í dalnum og við höfum óljósar sagnir um, að byggðin hafi farið í eyði snemma á öldum. Engin saga eða lýsing er nú til, sem varpað geti ljósi yfir líf hinna fornu íbúa dalsins. Allt, sem við vitum um þá, eru örfáar línur úr fornum ritum, þar sem þeirra er annaðhvort að góðu getið eins og Hjalta Skeggjasonar, eða minnst er á breyskleika þeirra eins og Gauks Trandilssonar. Ýmsar sagnir eru til um dalinn og íbúa hans, en ekki er vert að leggja mikinn trúnað á þær, og því skal þeim sleppt hjer öllum nema einni, sem nefna má til gamans, en ekki til þess að hún sje tekin trúanleg í orðsins fyllstu merkingu. Þó mun töluverður sannleikur felast bak við hana. Þar segir, að á landnámsöld hafi hvergi sjest steinn í fjöllum Þjórsárdals.

Þótt sögnin sje orðum augin, er ekki að efa, að óviða hefur verið fegurra og kostabetra land heldur en í Þjórsárdal, meðan hann stóð í blóma. En umskipti þau, er orðið hafa í dalnum síðan, eru svo stórkostleg, að ekki veitir af öflugu hugmyndaflugi til þess að gera sjer þau ljós. Áður fyrr voru hlíðar dalsins grónar fegursta bjarkargróðri, en undirlendið ýmist þakið laufríkum lundum eða fögrum engjadrögum. Frjósemin, veðursældin og fegurðin hafa dregið til sín landnem-

ana. Skjótt hefur risið upp þjettbýli í dalnum, sem sjá má af því, að kunnar eru leifar hjer um bil 20 bæja auk þeirra tveggja, Ásólfsstaða og Skriðufells, sem enn eru byggðir. Þessir bæir standa utarlega í vestanverðum dalnum, þar sem fellin hafa haldið verndarhendi yfir þeim gegn uppblæstrinum, en annars má með sanni segja, að dalurinn allur og hlíðar hans sjeu örfoka, að undanskildum skógartorfum sunnan og austan í Búrfelli.

Um Þjórárdal hafa áður verið ritaðar tvær ágætar ritgerðir; er önnur eftir Brynjólf Jónsson á Minna-Núpi um eyðibýli í dalnum,¹⁾ en hin eftir Jón Ófeigsson yfirkennara um náttúrufegurð hans og ferðamannaleiðir um dalinn.²⁾ Hjer verður að mestu sleppt öllu því, sem finna má í þeim ritgerðum, en markmið þessarar ritsmíðar er að reyna að rekja feril uppblástursins og eyðileggingarinnar í dalnum eftir því, sem kostur er á, og að endingu verður rætt um, hvort mögulegt sje að klæða dalinn á nýjan leik og með hve miklum tilkostnaði.

Ekki verður þó hjá því komizt, að gefa stutta lýsingu af dalnum og stærð hans, og til glöggvunar fylgir lauslegur uppdráttur af dalnum. Báðum hinum áðurnefndu ritgerðum fylgja einnig lauslegir uppdrættir. Sá uppdráttur, er hjer fylgir, tekur hinum ekki fram að öðru en því, að fjarlægð nokkurra staða hefur verið ákveðin með sæmilega nákvæmri mælingu. Því gefur þetta kort nákvæmari hugmynd um stærð dalsins heldur en hinir.

Lýsing á dalnum.

Þegar farið er upp með vestanverðri Þjórásá og komið er fyrir Hagafjall, þá er talið að komið sje í Þjórárdal. Í háaustur frá Hagafjalli er Búrfell, og eru 12

1) Árbók hins Ísl. Fornleifafjelags 1884-1885, bls. 38-60.

2) Árbók Ferðafjelags Íslands 1928, bls. 7-39.

km af tindir á tind. Mynni dalsins er á milli þessara fjalla. Dalurinn teygir sig langt inn í landið og eru hliðar Ásólsstaðafells, Skriðufellsfjalls, Dímons, Geldingadalsfjalla og Heljarkinnar vesturtakmörk hans. Fyrir botni hans er stórt og bungumyndað fjall, Fossalda, en austan að dalnum liggja Stangarfjall, Skeljafell, Sámstaðamúli og Búrfell. Lega dalsins er frá suðvestri til norðausturs, og eru um 15 km frá Búrfellshnúk inn á Fossöldu. Fossalda er í hánorður af Búrfelli. Milli Hagafjalls og Fossöldu er því drjúgum lengra. Inn á milli Fossöldu og Stangarfjalls gengur langur og djúpur dalur, og innst í honum fellur Háifoss fram af þverhníptu berginu. Dalurinn dregur nafn af fossinum og nefnist Fossárdalur. Breidd Þjórsárdals um miðbik hans er um 5-6 km, en lengd hans er 12-13 km, sje talið frá Þjórsá og að rótum Fossöldu. Af þessu sjest, að dalurinn er ekki neitt smásmíði, er undirlendi hans er um 60 ferkílómetrar eða 6000 hektarar.

Í miðjum dal er einstakt fell, Reykholt, og við nyrðri enda þess hefjast önnur fell, tindótt mjög og sundurskorin, en litfögur. Eru þetta Rauðukambar, og eru þeir úr líparíti og ná upp í miðja Fossöldu. Sunnan í Rauðukömbum er ofurlítill hver. Önnur fell eru ekki í dalnum fyrir en frammi við Þjórsá. Þar er Sölmundarholt, sem til skamms tíma var gróið grasi og björk, en er nú uppblásið. Dalbotninn er víða sljettur, en sumsstaðar eru smágígar og hraunhólar. Landið allt er þakið sandi og vikri og gróður er mjög strjáll.

Nokkrar bergvatnsár falla um dalinn og renna í Fossá eða Sandá, en þær falla suður í Þjórsá. Þjórsá kemur ofan úr óbyggðum og rennur í suðvestur átt upp undir austurhliðar Búrfells. Fyrir sunnan fellið slær áin sjer í vestur og rennur í áttina að Skriðufelli og girðir þannig hjer um bil fyrir mynni dalsins.

Milli Þjórsár og Stangarfjalls og Skeljafells er mikið land og vítt með nokkuð jöfnum halla af fjöllum-

unum niður að Þjórásá. Venjulega er þetta land ekki talið til dalsins, enda liggur það á afrjetti Gnúpverjahrepps. Ekki verður þó hjá því komizt, að land þetta komi mikið við sögu, og verður það kallað Almenningar í því, sem á eftir fer; annars hefur land þetta mörg nöfn, en hitt er valið til hægðarauka. Rjett á takmörkum dalsins og Almenninga er hin nafnfræga Gjá í Þjórárdal. Skammt fyrir ofan Gjána heitir landið Hólaskógur. Norður af honum er mikil flatneskja, er nefnist Karnesingur eða Kaldnesingur. Austan við hann liggja Álftavellir næst Þjórásá, en suður af þeim er Hafið, og nær það suður á móts við Búrfell. Milli Hafsins og Skeljafells eru Hellisskógar. Hólaskógur, Hellisskógar og Hafið eru nú gróðurlaus öræfi, en Karnesingur og Álftavellir, ásamt landinu þar norður af, eru að mestu þaktir mýra- og votlendisgróðri.

Eyðing dalsins.

Til eru sagnir um, að jarðeldur úr Rauðukömbum hafi eytt byggðinni í dalnum fyrir langa löngu. Ekki er takandi mark á þessari sögusögn, því að jarðfræðingar neita því, að Rauðukambar hafi gosið eftir landnámsöld. Með hvaða hætti Þjórárdalur hefur eyðst er og verður sennilega ávallt hulin gáta. En úr því að ekki er um gos í dalnum að ræða, liggur næst að ætla, að eldgos úr Heklu hafi orðið til þess að bægja mönnum á braut. Árið 1341 kom eitt hið ægilegasta gos úr Heklu, sem sögur fara af, og fylgdi því svo mikið vikur- og sandfall, að 5 hreppar eyddust að gangandi fje. Þjórárdalur liggur undir handarjaðri Heklu og hefur hann því sízt farið varhluta af ósköpunum. Líkindi eru til, að þá hafi dalbúarnir orðið að flýja dalinn slyppir og snauðir og sennilega án mikillar vonar um, að geta flutt aftur á fornar stöðvar í fjórsjáanlegri framtíð. Eignir þeirra í dalnum hafa verið lítilsvirði að því undanskildu,

að von var um, að skógarnir gætu náð sjer aftur eftir gosið. Og nú virðist ekki ósennilegt að ætla, - meðal annars eftir nöfnum þeim, sem hinir ýmsu skógateigar fengu síðar, - að eigendur skóganna hafi flúið á náðir ýmsra bænda og borgað greiðann með því að láta af hendi vonina í skógum dalsins, eða, að þeir hafi selt þessa von fyrir annan greiða. En meðan gera varð til kola á hverjum bæ, þá voru skógaítök mjög mikils virði, ekki sízt í jafn skógsnauðu hjeraði og neðri hluti Árnessýslu hefur verið um þessar mundir. Svo má og gera ráð fyrir, að fólk úr dalnum hafi fengið atvinnu annarsstaðar og verið búíð að koma sjer fyrir, þegar annars hefði verið hægt að flytja í dalinn á ný. Flutningar þangað hafa tæpast freistað margra, er allar byggingar voru fallnar eða að falli komnar, og það hefði verið of mikið í sölurnar lagt fyrir flesta, að byrja á öllu á nýjan leik.

Einnig getur meir en verið, að uppblástur hafi verið byrjaður í töluverðum stíl innst í dalnum um þær mundir, er hann var yfirgefinn. Varla getur leikið vafi á því, að með þeim búskap, sem rekinn er á tveim tugum bæja um nokkrar aldir, og á ekki stærra svæði en dalurinn er, hafi skjótt komið sár í grassvörðinn og uppblástur byrjað. Þegar sand- og vikurfall dynur yfir, þá bæði kæfir það gróðurinn og sverfur hann af undir eins og vindur bærisk. Um leið og gróðurinn hverfur, eykst uppblásturinn um allan helming. Við vikurfall breytist einnig votlendi oft í þurrlendi, en því er langtum hættara við foki. Lega dalsins frá norðaustri til suðvesturs styður þó einna mest hugmyndina um uppblástur í dalnum. Með því að líta sem snöggvast á kort herforingjaráðsins yfir Rangárvelli og Landsveitina getur hver og einn gengið úr skugga um, að mest er hætta á uppblæstri með norðaustanátt, því að allir uppblástursgeirarnir á þessum svæðum liggja frá norðaustri til suðvesturs. Þjórsárdalur hefur legið vel við höggi kára, og ekkert er sennilegra, en að uppblástur hafi byrjað innst í daln-

um og haldið svo út eftir á fáum öldum og magnast við hvert vikurfallið.

Eftir að byggð tók af í innanverðum dalnum hefur samt verið búið úti í mynni hans allt fram til Heklugossins 1693. Þá fór Sandatunga í eyði og hefir ekki byggzt síðan, enda bljes landið alveg upp á næstu tveim öldum.

Þjósárdalur um 1600.

Þótt jarðvegurinn hafi fletzt af dalbotninum snemma á tímum, þá hafa hliðarnar samt verið skógi vaxnar langt fram eftir öldum. Sjest það af skrá, sem gerð er fyrir árið 1587 og hefur staðið í brjefabók Gísla biskups Jónssonar (1555-1587).¹⁾ Þar er greint frá skógaheitum og takmörkum þeirra fyrir norðan Skriðufell. Af því að brjef þetta er að mörgu leyti merkilegt, verður gerður útdráttur úr því, en hann gefur allglögga hugmynd um, hve mikið land hafi verið óuppblásið á þessum tíma.

Fyrst er talinn Dímon, þá Steinholtsskógur að tveim klettum jarðföstum. Þar fyrir norðan er Hamratorfa, og Oddgeirshólaskógur er undir norðuröxlinni á Dímon.

Næst fyrir innan er Háholtsskógur og svo eru Áslákstungur. Skálholtsstaður á tungurnar, sem og marga aðra skóga í dalnum. Hjer fyrir innan eru Hlíðartorfa, Bæjartorfa, Fagriskógur og Brúnaskógur, allir staðareign. Berghálsstaðir er innsti skógateigurinn kallaður, og hefur hann legið vestan undir Fossöldu. Hjer hafa þá verið allsamfelldir skógar í vesturhlíðum dalsins. Í Reykholti er teigur nefndur Lóþrælar, og er hann staðareign.

Þá eru næst taldir skógar í Fossárdal. Fremst er Geldingaholt fyrir vestan ána, en allt, sem þar er fyrir norðan og vestan ána, á staðurinn. Einnig virðist staðurinn hafa átt allan skóg í Fossárdal austan árinna utan

1) Dipl. islandicum. II., 5., bls. 865.

Brattholtstorfu og Neistastaðatorfu, en hve mikill skógur hafi verið í dalnum er ekki getið um. En skilyrði fyrir vexti góðs skógar munu hafa verið með ágætum á þessum stað. Leppastaðaskógur var framan undir Stangarfjalli. Fleiri skógar eru ekki taldir þarna, en austur og norður með Holtamannaá, sem nú mun nefnd Bleikkollugil, var Hjallaskógur, er var staðareign, og fyrir austan ána „fremst næst víkinni“ var „Langholtsskógur í Flóa“.

Þeir skógar, sem næstir eru taldir, eru allir á afrjetti Hreppamanna, á svæði því, sem nefnt er Almenningar hjer að framan. Fyrst er talinn Gjáskógur, þá Steinastaðaskógur milli Holtamannaár og Rauðár. Hann er eign Hrepphóla. Fyrir norðan Rauða er Kaldnesingur, og nær hann að götum, sem liggja upp á Sandfell. Austur af götum þessum og norður að Skúmstungu eru Bláskógar. Ásskógar lágu þar suður með Þjórsá og Fitjaskógar fremri, og eru báðir staðareign. Fitjaskóga nyrðri á staðurinn að hálfu á móti Keldum á Rangárvöllum. Norður af Fitjaskögum nyrðri voru Krækluskógar, sem sumir telja staðareign en aðrir telja almenninga. Ásskógar og skógarnir þar fyrir norðan liggja allir norður af svæði því, sem hjer er ritað um, og nær uppdrátturinn ekki nógu langt norður, til þess að marka fyrir þeim.

Suður af Sandfelli eru Álftavellir og Hellisskógur, og eru þeir taldir eign Hruna. Þar suður af eru Hrossatungur nyrðri, eign Ólafsvalla, og Hrossatungur syðri, taldar staðareign. Þetta voru skógar á afrjetti Hreppamanna, og munu Krækluskógar hafa verið þeirra nyrztir, en Hrossatungur syðri hafa teygt sig nokkuð langt suður á bóginn og hefur því mikill hluti afrjettarins verið kjarri eða skógi vaxinn um þetta leyti.

Þá er aftur vikið að skögum í Þjórsárdal, og er fyrst greint frá, að runna alla á Skeljafelli, umhverfis það og uppi á því, eigi staðurinn. Þar hefur skógurinn sýnilega verið orðinn mjög slitróttur. Þá verða næst fyr-

ir skógar í Búrfelli. Nyrzt og vestast í því er Hurðarbakshús, sem er staðareign. Þar fyrir sunnan og fyrir ofan götuna er Egilsstaðaskógur og svo Grafarskógur, sem að helmingi er eign staðarins og Hraungerðinga. Þá tekur við Gegnishólatorfa hin neðri og Oddastaðarskógur á Búrfellshálsi. Inn með fellinu er Þrándvellingur og Sandvíkurskógur, sem nær inn að Stórkonugróf (Tröllkonugróf). Er skýrt fram tekið, að allir þessir teigar liggja fyrir ofan götuna, sem liggur fyrir Búrfell. Allan skóg austan við Stórkonugróf og að Bjarnarlæk og torfu austan lækjarins á Skálholtsstaður að undanskilinni „Haursholtstorfu“ hjá Þjófagili. Af lýsingunni verður ekki sjðð, hve langt skógarnir hafi náð inn með fellinu, en vel er hugsanlegt, að þeir hafi náð inn á Skálafell.

Við Stórkonugróf, en fyrir neðan götuna, er Hróarshyltingur og síðan eru skógarnir taldir suður með fellinu fram fyrir það og upp með því aftur, en þeir eru allir neðan götunnar. Fyrst er Tunguskógur, þá Mástungnahöfði og Mjósyndisskógur á Gjánum, en sá staður er rjett vestan við Þjófafoss. Og loks eru Stokkseyringur og Kaldnesingur.

Þá eru taldir skógar umhverfis Búrfell og er næst talað um skóga vestan Fossár, sem liggja eins og belti þvert yfir mynni dalsins. Austast og nálægt ánni er Hornið og Fossrofur og síðan taka við tvennar Tungur. Á Skálholtsstaður alla þessa bletti. Frá Sandatungu og að Vatnsgróf er Oddaskógur og er þetta annað ítak Odda í Þjórsárdal. Hjer fyrir vestan er Sölmundarholt og norður af því er Þórðarholt. Núpur á skóga þessa að helmingi móti Steinsholti. Vestur af Þórðarholti er Minni-Mástungnahöfði og Hælsrofur, Sandlækjartorfa og Hofsskógur.

Þá eru upp taldir skógarteigar þeir, er minnst er á í brjefi Gísla biskups. Eftir brjefinu að dæma, hafa allar vesturhlíðar dalsins verið skógi vaxnar á þessum

tímum ásamt Fossárdal. Í Stangarfjalli og Skeljafelli hafa verið skógatorfur á stangli, en hringinn í kring um Búrfell hefur skógargróðurinn verið samfelldur, og hefur hann náð ofan að Þjórsá fyrir sunnan og vestan fjallið. Þvert yfir dalsmynnið hefur skógur teygst sig upp undir vesturfjöllin. Og á afrjettinum austur af Stangarfjalli og Skeljafelli hefur verið afar víðlent kjarrlendi og jafnvel skóglendi sumsstaðar. Sennilega hefur nokkuð verið farið að blása upp og þá helzt á Hafinu suður með Búrfelli. Að minnsta kosti mætti halda það af orðalagi brjefsins, þar sem talað er um torfu austan Bjarnarlækjar.

Nokkrum áratugum eftir að brjef Gísla biskups er samantekið, ljét Oddur biskup Einarsson gera skrá um sama efni árið 1615.¹⁾ Sú skrá er tekin saman eftir fyrirsögn Brynjólfs Einarssonar bónda í Sandatungu og Páls sonar hans. Hún er að miklu leyti samhljóða hinni fyrri, en á einstaka stað er nánar skýrt frá legu sumra skógateiga, og er því ágætt að lesa lýsingarnar saman til þess að geta glöggvað sig betur á staðháttum. Upplýsingar, sem skrá Odds biskups hefur umfram hina, eru helzt þær, að bilið á milli Hrossatungna fremri og skóganna austan í Búrfelli hefur ekki verið ýkja langt, og að skógur hafi náð alveg heim að túni í Sandatungu. Sumsstaðar virðast ítökin hafa skipt um eiganda, og grunur er mjer á, að Oddur biskup hafi látið gera skrá þessa til þess að geta helgað kirkjunni sem flest ítökin. Bæði hafa eignir Ólafsvalla, Hraungerðinga og nokkuð af ítökum Hruna færst undir staðinn og auk þess einn almenningsskógur.

Vert er að taka eftir niðurlagi brjefsins, sem hljóðar svo: „Item vildi eg aftækist eða aflegðist sú mikla óvenja um sókn og yrkju þeirra úr Rangárvallasýslu fyrir austan Þjórsá, þar sem þeir fara árlega bæði haust

1) Dipl. islandicum, II., 5., bls. 865.

og vor í þessa skóga, svo sem í aðra almenninga, hvað móti líkindum er, að þeir muni eiga allir þar tiltölu með rjettu ...“

Ekki er víst, að Oddi biskupi hafi orðið mjög ágengt, er hann vildi banna Rangvellingum skógarhögg í Þjórsárdal og á Almanningum. En það bendir frekar til, að skógar hafi verið mjög sæmilegir á þessum stöðvum, er Rangvellingar seildust yfir ána. Þó hefði ekki veitt af, að ferðir þeirra legðust niður, því að nóg var áníðslan í Þjórsárdal, er mesti urmull bæja í Hreppum, á Skeiðum og í Flóa sókti þangað öll kol og allan við, sem við varð komið að flytja á braut.

Fróðlegt er að. taka eftir nöfnum hinna ýmsu skógateiga. Þau gefa í skyn, að margur kirkjustaðurinn og ýmsir hinna stærri bæja hafi náð í skógaítök snemma á öldum.

Eftir aldamótin 1700.

Næstu upplýsingar, sem völ hefir verið á um skógana í dalnum, eru úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Lýsingar Jarðabókarinnar á hreppum þeim, sem eiga ítök í Þjórsárdal, eru ritaðar árin 1708-1709, og eru því um 125-150 ár á milli þessara tveggja lýsinga. Árið 1693 hafði verið mjög mikið Heklugos, og það hafði skemmt mjög skóga í Þjórsárdal um stundarsakir, enda er kvartað sáran undan því gosi í Jarðabókinni. Þrátt fyrir barlóminn, sem alls staðar skín í gegn við lestur Jarðabókarinnar, má samt fljótlega ganga úr skugga um, að það hefur orðið „skjött um brigðin“ um skógana í dalnum. Nú verður rakið það, sem Jarðabókin gefur upplýsingar um, og síðan borið saman við brjef Gísla biskups, svo að sjá megi afturfarinna á þessu tímabili.

Í *Gaulverjabæjarhreppi* eiga *Fljótshólar* skógarhögg til kolagjörðar „frítt í staðarins skógi á fjöllum fyrir ofan Eystri-Hrepp; hann er nú mjög eyddur og varla

nýtur til kolagjörðar“. *Sandhóll* (eyðijörð) á skógarpart „í takmörkuðu plássi í Flóamannafrétt millum Fagraskógar og Bergálfstaða, þar sem kallað er Léprælar eða Lóprælar; hann er nú gjöreyddur og því ei brúkaður í nokkur liðin ár. *Snóksnes* á ítak til kolagjörðar í Fagraskógi. Sá skógur er nú mjög eyddur, en brúkast þó. *Hamar* á ítak á sömu slóðum. *Austur-Meðalholt* á ítak í Stokkseyrarkirkjuskógi (Stokkseyringi), *Efri-Gegnishólar* og 4 aðrir bæir eiga skógarhögg í Gegnishólatorfu í Búrfelli, en tekið er fram, að það sje sjaldan nýtt. *Gaulverjabær* og 3 aðrir bæir eiga ítak í Maríutorfu og Fagraskógi. „Þar var í manna minni raftviðarhögg nýtilegt. Nú er það svo eytt, að varla er þar bjargleg kolgjörð nú sem komið er“. Auk þessara jarða eiga enn 10 jarðir skógaritök í Þjórsárdal og í Almenningum. Alls eru það því 9 stólsjarðir og 15 annara eign.

Í *Stokkseyrarhreppi* segir svo um *Hóla*: „Skógarhögg hefir jörðin frí til kolgjörðar í stólsins skógi þar sem heitir Almenningur á fjöllumum fyrir ofan Eystri-Hrepp. Þessi skógur er nú mjög eyddur, en brúkast þó árlega. Heklubruni hinn síðasti fordjarfaði þennan skóg mest, svo hann hefir lítt blómgastr nema ungiði allt í næstu tvö ár“. 10 aðrar stólsjarðir eiga ítök á sömu slóðum og nýta það allar nema ein. *Traðarholt* á ítak í Fossárdal, sem kallað er Traðholtsingur, en skógurinn er nú svo eyddur, að hann er ekki nýttur lengur. *Stokkseyri* átti Stokkseyring og um hann er sagt: „Var þar áður nægur skógur til kolgjörðar og nokkur til raftviðar, en nú nærri gjöreyddur síðan Hekla brann síðast og spillti honum, brúkast því sjaldan“. *Brattholt*, sem virðist hafa átt Brattholtstorfu í Fossárdal samkvæmt brjefi Gísla biskups, er nú ekki talið eiga neinn skóg í Þjórsárdal. Vel má vera, að torfan hafi verið úr sögunni. Í hreppi þessum eiga 11 stólsjarðir og 2 aðrar skógartök fyrir ofan Eystri-Hrepp.

Sandvíkurhreppur. Þar eru 7 stólsjarðir, sem nota skóg í Almenningi „öldungis tollfrí um langan aldur.


Sumra manna meining er, að Skálholtsstóll eigi að nokkru leyti þennan skóg, en vita ógjörla að hve miklu leyti; hefur og heldur ekki verið á talið, þó bæði stólsjarðir og bændajarðir hafi brúkað skóginn eftir sínum þörfum, er og þessi skógur mjög eyddur, bæði fyrir Heklu, þegar hún brann, og síðan fyrir brúkun úr nálægum sveitum“. *Kaldaðarnes* var einnig stólsjörð, en það átti skóg í Sandfelli fyrir ofan Eystri-Hrepp, eða nánar tiltekið suður af Sandfelli, þar sem seinna er kallað Karnesingur (Kaldnesingur?). Sagt er, að skógur hafi brúkast þar um langan aldur, en sje eyddur eftir að Hekla brann og af langvarandi brúkun. *Votmúli* hefur notað skóg á Almennungi, en hefur stundum keypt skóg í Þingvallaskógi. *Stóra-Sandvík* á skóg til kolagjörðar í Búrfelli (sbr. brjef Gísla biskups).

Hraungerðishreppur. Hjer eru 9 stólsins jarðir og 6 aðrar, sem telja sjer skógarhögg í Almennungum. Eru þeir notaðir til kolagjörðar, síðan Hekla brann, og til hrístekju. Áður hafði verið þar raftviðarskógur, sem jarðeldurinn fordjarfaði, og brúkunin smám saman eytt hafði“. Um eina af jörðum þessum, *Langholt*, er þess getið, að ábúandi hafi keypt skóg á Þingvöllum um nokkur ár. Annars var Langholti eignað sjerstakt ítak í brjefi Gísla biskups. Ekki er ósennilegt, að skógartorfa sú hafi verið uppblásin með öllu, enda virðist skógarteigurinn hafa legið einstakur og út af fyrir sig eftir brjefinu að dæma. *Hraungerði* átti einnig ítök samkvæmt sama brjefi, en þess er heldur ekki getið hjer. Frekar eru líkindi til, að það hafi verið lagt undir stólsins skóga, heldur en að það hafi verið alveg eytt. Oddur biskup lætur þess ekki getið í skrá sinni og sennilegast af því, að hann hafi talið það til stólsins, en næstu skógarteigar voru við líði, þegar Jarðabókin er tekin saman. *Oddgeirshólar* eiga enn ítak í Dímon. Þar hefur jörðin brúkað kolgjörð oftlega, en stundum í Almennungi. Skógurinn í Dímon er nú mjög eyddur og kominn í fornviði.

Villingaholtshreppur. Hjeðan sækja 14 stólsjarðir og 7 aðrar skóg á þessar slóðir. Af þeim var *Hróarsholti* eignaður sjerstakur blettur í brjefi Gísla biskups, en hann er hvergi nefndur á nafn hjer. *Mjósund* og *Egilsstaðir* áttu einnig skógarhögg í dalnum, en nú telja þær hvergi ítök. Um *Neistastaði* segir svo: „Skóg segja munnmæli, að jörðin eigi austanvert í Fossárdal, sem liggur í almenningi fyrir ofan Eystri-Hrepp í takmörkuðu plássi, sem kallast Neistastaðatorfa. Það hefur brúkast ýmist frá þessari Jörð, svo sem í óþakklæti, en ekki í neinu skyldunafni frammar en í almenningum“.


Skeiðahreppur. Þar eru 18 stólsjarðir, sem nota skóg tollfrí og átölulaust í Almenningum. Um *Ólafsvelli* segir svo: „Skóg á staðurinn eftir sem menn meina í takmörkuðu plássi, sem Hrossatungur heita, sem liggja í almenningsafrjett upp frá Eystra-Hreppi, hann er nú mjög eyddur og brúkast því ei frammar sem almenningsskógur frá staðnum“.

Eystri-Hreppur. Hjer eru 8 stólsjarðir, sem nota átölulaust skóg milli Þjórsár og Fossár. *Stóra-Hof* hafði átt Hofsskóg, sbr. brjef Gísla biskups, en hann var nú eyddur og því voru almenningar notaðir. *Ásólfssstaðir* munu lengst af hafa haft nægan skóg og því er einkennilegt að sjá þannig til orða tekið: „Skógur til eldiviðar bjarglegur, til kolgjörðar mjög eyddur“ Ekki hefur landgæðum verið of vel lýst fyrir riturum Jarðabókarinnar. *Stóri-Núpur* á skóg til kolagjörðar og eldiviðar í Sölmundarholti í landi Sandatungu. *Þjórsárholt* á skóg á sama landi í Þórðarholti. Á báðum þessum stöðum er því enn skógur, þótt teigarnir norður og vestur af hafi verið aleyddir. Minni-Mástungnahöfði hafði eyðst að fullu við Heklugosið 1693. *Steinsholt* á tvö ítök, annað í Dímon, en hitt í Þórðarholti. Ítökin eru á fallanda fæti „fyrir sandfalli úr Heklu og fyrir langsamlega brúkun“. *Hamrar* eiga einnig ítak í Dímon. *Geldingaholt* á Geldingaholtsskóg í Fossárdal, sbr. bréf Gísla biskups, en hann er nú



Skógur og kjarrlendi í Þjórsárdal árin 1555-1587. Teiknað með hliðsjón af brjefi
Gísla Jónssonar biskups. Skóglendið táknað með dökkum lit.

[Þjórsárdalur 1555-1587. The area covered by wood can be seen by its dark
colouring.]



Skógar og kjarrlendi í Bjórsárdal árið 1708. Teiknað með hliðsjón af Jarðabók
Á.M. og P. V. Svartskyggðu reitirnir sýna skóglendið.
[Bjórsárdalur 1708.]

mjög eyddur af langvarandi brúkun. Hjer er vert að benda á, að Heklu er ekki kennt um skemmdirnar. *Hæll* hafði átt skóg í Hælsrofum, en hann var nú eyddur. *Hlíð* á tvö ítök, annað í Ásólfsstaðalandi, en hitt í Skriðufellslandi. Hvorttveggja ítakið nærri gjörbreytt, *Háholt* á skóg norðan við Dímon, sem eyðist mjög.

Ytri-Hreppur. Í þessum hreppi var skógur til á tveim bæjum, og hafði hann verið meiri áður: því eru öll líkindi til, að næstu bæir hafi frekar sókt skóg þangað heldur en í Þjórsárdal. *Hrepphólar* (Hólar) eigna sjer hjer Hólaskóg, en hann var eyddur. Annað ítak átti staðurinn milli Haga og Ásólfsstaða í bringu á milli gilja. Þetta er eini staðurinn, þar sem getið er um skóg milli þessara bæja. *Grafarbakki* átti Gjáskóg norður af Skeljafelli. Hann var mjög eyddur um þessar mundir. *Hruni* átti, eða hafði átt, Hellisskóga og Álftavelli auk ítaka innan hreppsins. Ekki er neitt getið um ástand skóganna. *Laxárdalur* sókti skóg til kolagjörðar í Þjórsárdal. Á þessum eina bæ er kvartað undan vegalengdinni í skógana, og bendir það helzt á, að sá bær hafi áður fengið skóg innan hreppsins. *Kaldbakur* og Tungufell áttu báðar skóg í landi sínu og á Kaldbak „brúkast skógur til stórrar hjálpar með heyi geldum nautpeningi til viðurlífs“. Á Tungufelli hafði verið ágætur raftviðarskógur og þaðan hafði verið seldur viður áður en Hekla gaus.

Þá eru upptaldar jarðir í Árnessýslu, sem sókt hafa kol og sumar hverjar eldivið og rafta í Þjórsárdal og á Almennunga. Samtals eru jarðirnar 143, og af þeim eru 96 stólsjarðir. Með þessum 143 jörðum eru ekki talin kot og hjáleigur, sem fylgt hafa mörgum þeirra og notað sömu hlunnindi. Vel má vera, að margar aðrar jarðir hafi einnig farið í skóg, að minnsta kosti þegar á lá. Eftir álitinu manna innan sumra hreppanna voru allir stólsins skógar taldir almenningur, sem öllum virðist hafa verið heimilt að fara í. Sumar af jörðum þeim, sem ekki eru stólsjarðir, hafa sókt við í almenningsskóga án þess að hafa nokkuð

sjerstakt ítak nokkursstaðar. Eftirlitið með skógunum af hálfu stólsins hefur sjálfsagt verið misjafnt á ýmsum tímum, og sennilega hafa flestir úr hreppum þessum getað sókt við alveg átölulaust. Af Rangárvöllum og Landinu hafa menn einnig farið í Þjórsárdal, og hefur það haldist fram undir síðustu aldamót, enda töldu jarðir eins og Oddi, Keldur og Klofi sjer allar ítök í Þjórsárdal.

Oft hefur verið mikið um mannaferðir í Þjórsárdal og á Almennungum framan af sumri, er allir þessir bæir sendu út menn til þess að gera til kola og sækja við. Ekki þarf að efa, að hver hefur tekið það, sem honum leizt bezt á og valið vænstu viðina handa sjer. Stundum hefur eldur læðst úr kolagröfum og sviðið næsta skóg. Hestar skógarhöggsmanna hafa gengið lausir um runnana og sparkað og traðkað á gróðri og í rofum. Og vart voru menn búnir að fá heim kolin úr dalnum fyrr en sauðfjenaður var rekinn í stórhópum á staði þessa til þess að gæða sjer á grasi og nýgræðingi. Á haustin, þegar búið var að reita upp runna og skóga og fjenaðurinn búinn að þrautnaga landið ofan í rót, komu þurrir og kaldir haustvindar til þess að skafa upp nýju sárin í sverðinum, stækka þau og víkka, svo að enginn vindblær gæti hreyft sig í dalnum, án þess að spilla jarðveginum og stemma stigu fyrir gróðrinum. Dalurinn var dæmdur til eyðingar. Stundum spjó Hekla vikri og sandi til þess að flýta fyrir eyðileggingunni, en hún var lítils megnug móts við karla frá 143 jörðum á ári hverju auk annara, sem komu í kjölfar þeirra, og fjenaðar frá enn fleiri bæjum. Svo sprettur upp lagleg þjóðsaga á síðari öldum um, að jarðeldur í dalnum hafi eytt honum. Trúi henni hver sem vill. Og trúi því hver sem vill, að náttúruöflin eyði meiru og spilli heldur en maðurinn og „menning“ hans.

Með því að bera saman brjef Gísla biskups og lýsingar Jarðabókarinnar, má fá dálítið yfirlit um uppblástur þann, sem hefur átt sjer stað á hálfri annari öld. Við samanburðinn kemur í ljós, að skógurinn í Fossárdal er

að mestu genginn til þurðar ásamt Geldingaholtsskógi og Traðhylltingi. Lóþrælar í Reykholti eru nýlega eyddir, er Jarðabókin er rituð. Brúnaskógur og Bergálfstaðaskógur eru að mestu eyddir og Fagriskógur er á fallanda fæti. Þessir skógar voru innst í vestanverðum dalnum. Hlíðartorfa í Áslákstungum er einnig nærri gjöreydd. Uppblásturinn hefur hvarvetna fylgt skógaskemmdunum eftir, nema kannske í Fossárdal, og því hefur mikið verið flegið af vesturhlíðum dalsins á þessum tíma.

Af skógum þeim, sem lágu yfir mynni dalsins um 1600, er mikið horfið 100 árum síðar. Hofsskógur, Hælsrofur og Minni-Mástungnahöfði eru farnir veg allrar veraldar, og Þórðarholt er að blása upp. Umhverfis Sandatungu hefur landið verið orðið mjög ljelegt um þessar mundir, enda fer bærinn í eyði 1693.

Umhverfis Búrfell hafa skógarnir einnig minnkað mjög. Egilsstaðaskógur, Grafarskógur og Gegnishólatorfa eru mjög úr sjer gengin og Stokkseyringur var nærri gjöreyddur. Skógunum fram undan Búrfelli hafði líka hrakað mjög og sumir eru horfnir, eins og Mástungnahöfði. Um skógana austan Búrfells verður ekkert sagt með vissu, en skógarnir norðan við Tröllkonugróf hafa verið notaðir sem almenningar og því ekki farið varhluta af notkuninni.

Skógarnir milli Þjórsár og dalsins hafa einnig stórskemmst á þessu tímabili. Hrossatungur eru mjög skemmdar og Karnesingur líka, og þótt ekki sje unnt að sjá það neinsstaðar beinlínis, þá virðast allir skógar á svæði þessu hafa spillst til mikilla muna.

Frá því að Jarðabókinni sleppir og fram á okkar daga eru litlar lýsingar til af skógunum. Að vísu er til sóknarlýsing frá Stóra-Núpi frá árinu 1841, en mjög lítið er á henni að græða. Hún telur skóg á Ásólfstöðum og Skriðufelli og einkum er látið vel af Skriðufellsskógi. Hann hafði þá tekið mjög miklum framförum síðustu

20-30 árin, og var enn í vexti. Var það einkum á ásunum og flötunum fyrir neðan Skriðufell, sem skógurinn þókti vænn. Í Dímon hafði skóginum aftur á móti verið eytt. Um skóginn í Sölmundarholti er sagt, að þar sje aðeins skógarló, en Þórðarholtið var alveg blásið. Um skógana í Búrfelli er ekki getið.

Árið 1854 skora þeir: Guðmundur Þorsteinsson í Hlíð, Guðmundur Magnússon á Minna-Hofi, Bjarni Oddsson í Sandlækjarkoti og Þórður Ólafsson í Steinsholti á sýslumann Árnesinga, að banna Skriðufellsbændum að ljá Rangvellingum skóg í Skriðufellslandi, „því það horfi til auðnar“, segir í brjefi þeirra. Ennfremur, að bændum í Gnúpverjahreppi verði bannað skógarhögg í Búrfelli að minnsta kosti 3 næstu árin, þar eð skógurinn sje í stórhættu af of miklu höggi. (Brjefasafn Gnúpverjahrepps í Þjóðskjalasafninu) .

Í brjefasafni Gnúpverjahrepps er ódagsettur og óarfærður brjefsnepill, þar sem stungið er upp á, að óhætt muni, að hver búandi í Gnúpverjahreppi fái að höggva einn víðarhest í Búrfelli á hvern heimilismann. Íbúatala hreppsins hefur oft verið um 200 og hefur því höggið verið freklega áætlað.

Að lokum skal svo bætt hjer örlitlu við um Skriðufellaskóg eftir frásögn Þorsteins fræðimanns Bjarnasonar frá Háholti í Gnúpverjahreppi.

Þorsteinn man fyrst eftir skóginum laust fyrir 1880. Hann var þá drengur og sendur þangað með manni, er sókti við á nokkra hesta. Þá var tvíbýli á Skriðufelli og hafði svo verið langa hríð. Hjet annar bóndinn Jón Sigurðsson og hafði reist þar bú árið 1848. Hann bjó á 2/3 jarðarinnar og fylgdi þeim hluta Vatnsás, Lambárholt og eflaust einhverjar fleiri skógaspildur. Bergur Jónsson hjet hinn bóndinn, og hafði hann reist bú á 1/3 jarðarinnar árið 1871 og fylgdu Selhöfðar þeim hlutanum.

Þeim Þorsteini var vísað í Lambárholt, en þar var

skógurinn svo smár, að manni þeim, sem með Þorsteini var, þókti hann lítt nýtandi. Flutti hann sig því upp á bergið hinum megin dalsins, gagnvart Lambárholti, þ.e. efsta hornið á Vatnsás, og hjó þar dragnavið. Þá var allur Vatnsás vaxinn fallegum og samfelldum skógi (dragnaviður).

Jón Sigurðsson ljezt árið 1884 og gekk þá sá hluti jarðarinnar í arf til dóttur hans, sem gift var Þórði bónda í Haga í Holtum. Hafði Jón jafnan hlíft skóginum eftir föngum, svo að menn gerðu sjer ekki leik að því, að spilla honum að óþörfu. Vorið 1885 flutti á 2/3 Skriðufells Gestur Eyjólfsson bóndi á Húsatóftum. Var þeim ósárt um skógin, Gesti og Þórði. Leyfði Gestur Holta- og Landmönnum skógarhögg í Vatnsás, og margir sóktu þangað einnig í leyfi Þórðar; því að hann ljeði skógin sveitungum sínum, og víst fleiri Rangæingum, eftir vild. Var nú svo mikið aðgert um skógarhöggið í Vatnsás á næstu tveim árum, að felldur var með öllu skógurinn í ásnum meðfram Sandá og upp frá henni. Er þar nú sandauðn ein, og víða er blásið og bert þar um slóðir, sem kenna má miskunnarlausu höggi frá þeim árum.

Gestur Eyjólfsson flutti frá Skriðufelli vorið 1887. Þá keypti Bergur Jónsson alla jörðina og bjó þar síðan einn, unz hann ljezt árið 1890. Ekkja hans bjó svo áfram nokkur ár, eða þar til vorið 1895, að sonur þeirra, Ólafur, tók við jörðinni, og bjó þar um langa stund, svo sem kunnugt er.

Þorsteinn Bjarnason man vel eftir Selhöfðum á árunum 1885-90. Þá var þar kjarr eitt og í mestu eymd; aðeins lágvaxin skógarló á stórum svæðum, svo að eigi var unnt að fá þar hríslu á kofa. En jafnskjótt og Bergur hafði eignast alla jörðina, friðuðu þeir feðgar Selhöfða algerlega fyrir skógarhöggi. Og eftir að Ólafur Bergsson gerðist bóndi, ljet hann sjer svo annnt um Selhöfða, að hann leyfði ekki neinum að höggva þar hríslu áratugum saman. Þar er nú vaxinn upp samfelldur, fall-

egur og þroskavænlegur skógur, sem bera mun lengi vitni um ræktarsemi Ólafs á Skriðufelli. Svo vænt þykir Ólafi um Selhöfða, að þar hefur hann kosið sjer að hvíla, er æfi þrýtur. Haustið 1926 ljet hann leiða þangað uppáhaldsgæðing sinn, Blesa, sem hann hafði lengi átt og unnað. Þar var Blesi felldur og síðan heygður. Hefur Ólafur svo um hnútana búið, að hann verði þangað færður til hinnztu hvíldar, og fáí leg í námunda við Blesa.

Gróður dalsins nú.

Gróðri Þjórsárdals er fljótt lýst eins og hann er nú. Dalurinn milli Ásólsstaðafells og Skriðufellsfjalls er að mestu leyti skógi vaxinn. Sumstaðar er skógurinn allvænn, en víðast hvar er hann vænt kjarr. Grózka er mikil í honum og gæti þar orðið ágætis skógur á fáum áratugum, ef hann nyti friðunar. Ásarnir fyrir framan Skriðufell eru víða þaktir kjarri og sumstaðar skógi, en víða er mikill uppblástur og fer hann mjög í vöxt. Einkum er hætta á, að Vatnsás blási alveg upp. Eyrarnar fram með ánni eru með lágvöxnum kjarrhólmum á víð og dreif. Inn með Skriðufellsfjalli er fagurt kjarr alveg inn að Dímon. Syðst í Dímon eru enn nokkrar kjarrtætlur, en þær eru stöðugt að minnka sakir beitar. Í Sölmundarholti var ofurlítill skógur fyrir tveim tugum ára, en hann er nú gjöreyddur, og verður síðar greint frá, hverjar urðu endalyktir hans. Nú liggja fúasprekin eins og hráviði milli hólanna og ein einasta mannhæðarhá hrísla stóð upp úr sandinum með svolitlu lífsmarki haustið 1936, en það hefur verið hennar síðasta. Sunnan og austan undir Búrfelli er þjett og mikið kjarr, en því miður á litlu svæði. Kjarrið í Búrfelli er þjett og þroskamikið og gæti orðið að ágætis skógi með friðun. Að öðru leyti er allt landið umhverfis Búrfell bert og blásið.

Afrjettur Eystri-Hrepps er einnig að mestu auðn ein fyrir neðan Karnesing. Á stöku stað má þó finna



*Skógar og kjarrlendi í Þjórsárdal 1935.
Skuggarnir tákna skóglendi og gróið land.*

kræklótta björk, sem stritast við að halda velli þrátt fyrir sandfok og beit. Er það helzt í skjóli kletta, sem hún hefur fundið griðastað. Í Gjánni eru kjarrtætlur hingað og þangað, en allar lítils vaxtar. Í hólmanum við Hjálparfoss eru aftur á móti vænar og fagrar bjarkir. Í krikanum innan við Dímon er mjög fagur skógarhvammur, er stingur í stúf við auðnina allt í kring og virðist enn blómlegri sakir þess. Og að lokum má nefna ofurlitla torfu, sem enn er óuppblásin í Áslákstungum, með ofurlítilli skógarló.

Þá er upp talinn skógargróður í dalnum og milli hans og Þjósár. Lítið er einnig um annan gróður, en meðfram ám og lækjum eru grasgeirar á stöku stað, einkum þar sem vatn flæðir yfir og jörðin er ekki of laus. Fossárdalur er einnig töluvert gróinn, því að björgin beggja vegna hafa hlíft gróðrinum og skýlt. Á vikrunum og söndunum er hvergi samfelldur gróður, en ef vel er að gáð, þá má sumsstaðar sjá töluverðan gróðurvott. Geldingahnappur, sauðvingull og aðrar harðgerðar jurtir vaxa í smáþúfum og reyna að breiða sig yfir landið, en það tekst ekki af því, að beitin leyfir það ekki.

Afrjettur Flóa- og Skeiðamanna er á heiðunum norður af Skriðufelli, en hann er full lítill fyrir allan þann kindafjölda, sem þangað er rekinn til þess að hafast við á honum sumarlangt. Þess vegna rennur fjeð í stórhópum niður yfir dalinn, er hausta tekur. Til þess að lönd Skriðufells og Ásólfstaða verði ekki fyrir alltof miklum ágangi af fje þessu, hefur verið sett upp girðing úr Skriðufellsfjalli og yfir í kletta rjett fyrir ofan mynni Fossár. Áður lá girðing þessi neðar, en hún var flutt á þann stað, sem hún nú stendur, fyrir tveim tugum ára, en þá var það of seint. Beitin og kindasparkið í Sölmundarholti hafði þá unnið svo á trjágróðrinum, að hann átti sjer ekki viðreisnarvon. Síðustu jarðvegstorfurnar í Sölmundarholti fuku út í buskann eins og svo mörg önnur fögur torfa hefur farið.

Hvað á að gera við Þjórsárdal?

Með því að ganga meðfram afrjettargirðingunni yfir mynni Þjórsárdals og skoða landið utan og innan við hana fæst undir eins vísbending um, hvað gera eigi í dalnum. Utan girðingarinnar er landið í óða önn að gróa upp, og sumstaðar er gróðurinn næstum orðinn samfelldur. Þó er síður en svo, að land þetta njóti algerðrar friðunar, því að bæði gengur hjer fje frá efstu bæjunum í sveitinni og svo sleppur ætíð nokkuð af fje af afrjettinum gegnum girðinguna. En það er hreinasta furða, hve landið hefur verið fljótt að taka við nýjum gróðri undir eins og átroðningur minnkaði, er girðingin var sett upp. Innan girðingarinnar er mjög lítið um gróður af því, að þar er hvert grasstrá bitið undir eins og það stingur kollinum upp úr jörðinni. Því skyldi ekki landið innan girðingarinnar geta gróið upp eins og það, sem er fyrir utan, ef friður fengist? Og ætli það grjeri ekki fyrr upp en landið utan, ef friðunin væri alger og engin skepna færi þar um næstu 15 eða 20 árin.

Af því, hve dalurinn er gróðurlítil, að fáeinum blettum undanskildum, er ekki vafi á, að það er illa gert og ómannúðlega með skepnur farið, þegar mikið fje er látið standa í dalnum. En þangað leitar fjeð á haustin, þegar afrjetturinn er þrautnagaður og kólna fer í veðri og þá er undir eins hætta á, að það standi í hálfgerðu svelt. Og það getur ekki verið búhnykkur fyrir neinn að láta sumarholdin tærast til muna, áður en fjenu er smalað. Af því, að jeg fæ ekki skilið, að Þjórsárdalur sje til mikils gagns sem afrjettur, get jeg varla ímyndað mjer, að bændur þeir, sem nota dalinn, hefðu mikið á móti því, að hann væri friðaður og girtur, ef undan væri skilinn Fossárdalur, sem er bezta beitarlandið.

Til þess að friða dalinn þyrfti að setja upp girðingu úr Skriðufelli inn vikrana rjett vestan við Reykholt og inn með Rauðukömbum og þaðan að mynni Fossárdals. Þaðan gengi girðingin síðan upp í hamra í Stangar-

fjalli. Nú liggur girðing Hreppamanna úr klettabrúninni við Háafoss og ofan í Þjórsá til þess að fje þeirra renni ekki niður yfir gróðurleysurnar og þaðan ofan yfir byggðina. Því væri að sjálfsögðu ekki neitt til fyrirstöðu af hálfu Hreppamanna, þótt landið milli Þjórsár og Skeljafells og Stangarfjalls væri afgirt og friðað.

Ef slík girðing, sem nú hefur verið um rætt, kæmist upp, myndi allur Þjórsárdalur og landið austan hans klæðast gróðri að nýju og í hlíðum hans myndi skógurinn smám saman breiða sig yfir landið. Eftir grózkunni utan við afrjettargirðingu Flóa- og Skeiðamanna að dæma, þá myndi dalurinn að mestu fullgróinn eftir tvo áratugi, en hlíðar hans yrðu þó nokkru lengur að klæðast skóginum. Allur sá skógur, sem yrði innan girðingarinnar myndi verða að vænsta skógi á þessu tímabili, og sá uppblástur, sem vofir yfir sumum fegurstu stöðunum, myndi stöðvast með öllu.

Jafn fögur framtíðar mynd og þessi, virðist vel verð þess, að hún sje athuguð nánar, að upp sje gert, hvað kosti að koma slíku verki í framkvæmd, að skyggnt sje fyrir um, hvað mæli með og hvað mæli móti framkvæmdunum. Það er fremur fljótgert og er áætlunin á þessa leið: Góðar og öflugar girðingar er hægt að setja upp fyrir um 1000 kr. á hvern kílómeter. Vegalengd girðingar úr Þjórsá og upp í hamra í Stangarfjalli er um 20 km, og frá Stangarfjalli og ofan í Þjórsá um 5 km. Girðingin yrði því um 25 km, er hún væri öll komin upp (en ekki væri nauðsynlegt að setja nema 20 km upp þegar í stað, því að girðing Hreppamanna getur haldið enn í nokkur ár með nokkru viðhaldi). Af því, að girðingarstæði er fremur gott víðast hvar í dalnum, og af því, að girða á marga kílómetra í einu, er óhætt að færa girðingarkostnaðinn niður um a. m. k. 10 %. Heildarkostnaður við girðinguna yrði því um 22500 krónur. Af upphæðinni færu um 40 % í verkalaun eða um 9000 kr. Auk girðingarinnar þyrfti að festa kaup á jörðinni

Skriðufell, því að bæði á hún mikið af skóglendi dalsins og töluvert land í dalnum auk þess, svo að sauðfjárrækt þyrfti helzt að leggjast niður á bænum, ef friðun væri hafin. Jörðin stendur til boða með mjög góðum kjörum, svo að friða mætti allan dalinn fyrir 33-34 þúsund krónur. Af þeirri upphæð þarf ekki að leggja fram nema 28 þúsund strax til þess að friðun komist á. Svæði það, sem afgirt yrði, væri um 13500 hektarar eða um 135 ferkílómetrar og girðingarkostnaður yrði 2,50 kr. að meðaltali á hvern ha. Hinn lági girðingarkostnaður á hvern hektara kemur af því, að Þjórsá girðir í raun og veru helming á mótis við girðinguna. Hinn lági kostnaður í samanburði við landflæmi það, sem fengist girt, freistar til þess að hefjast handa að girða dalinn.

En hugsanlegt er, að einhverjir vilji finna friðunarhugmyndinni það til foráttu, að nær væri að taka önnur lönd og byggilegri til friðunar fyrst og láta Þjórsárdalinn sitja á hakanum, enda liggi hann svo úr þjóðbraut, að landið verði ávallt lítils virði. Fyrri atriðinu er því að svara, að þau lönd eru víða, sem engu síður væri ástæða til að friða og girða heldur en Þjórsárdalur. En hvergi væri unnt að koma friðun á með tiltölulega jafnlitlum kostnaði á jafn stóru svæði, og af þeim ástæðum mætti því frekar byrja hjer. Hinu atriðinu má svara því, að þótt Þjórsárdalur liggi nokkuð afskekktur nú, þá er það fremur sakir vegaleysis heldur en af því, hve dalurinn liggur fjarri góðum hjeruðum. Frá Reykjavík er jafn langt austur í Fljótshlíð og í Þjórsárdal. Væri dalurinn algróinn, mætti engu síður búa góðu búi þar en víða annarsstaðar á Suðurlandi og jafnvel betur, því að veðursæld er þar mikil á sumrum. En þótt dalurinn byggðist ekki aftur fyrst um sinn, mætti hafa mikil not af honum eftir nokkra áratugi með því að nota hann til beitar með forsjá. Væri þess gætt, að þrautbeita aldrei nein svæði, þá mætti eflaust hafa meira gagn af landinu til beitar og fá vænni gripi, en almennt er nú.

Við friðun Þjórsárdals væri aðeins eitt atvik, sem gæti dregið friðunina á langinn, en ekki orðið til þess að eyðileggja hana, og það er gos úr Heklu. Heklugos gæti spillt öllum gróðri um nokkurra ára bil, en að öðru leyti mundi það vart hafa áhrif. Náttúran er fljót að græða eyðileggingar og skemmdir, ef hún aðeins fær að njóta friðar.

Niðurlag.

Ef friðun kæmist á í Þjórsárdal, þá væri mjög merkileg tilraun hafin; tilraun, sem myndi leiða í ljós, hvort unnt væri að græða upp flegin hjeruð, án óhóflega mikils kostnaðar og hvernig hentugast væri að græða upp önnur og ef til vill stærri landssvæði. Af því hve dalurinn grjeri fljótt upp, mætti ráða, hve önnur lík svæði myndu gróa ört upp, og af því mætti svo draga ályktanir, sem segðu fyrir um, hvernig það borgaði sig að græða upp önnur landsvæði.

Af friðun Þjórsárdals mætti læra svo margt, að allir landsbúar myndu fylgjast með henni af áhuga. Þar væri gengið úr skugga um, hvort við værum þess megnugir, að græða landið upp á ný; þar fengist reynsla fyrir því, hvort við gætum grætt þau sár, sem rányrkja fyrri tíma hefur haft í för með sjer. En á því veltur í raun og veru framtíð okkar sem sjálfstæð þjóð. Getum við ekki grætt landið upp að nýju og látum allt reka á reiðanum eins og hingað til, þá erum við á góðum vegi til glötunar. Því alltaf heldur landið áfram að blása upp, meðan búskapurinn er rekinn á sama hátt og nú, og því meira, sem blæs burt af gróðurberandi landi, því færri skepnur geta þrífizt til þess að gefa okkur arð. Við erum að eta af aðalhöfuðstól landbúnaðarins, af jarðveginum, en það er óviðunandi. Við verðum að láta höfuðstólinn óhreyfðan og auka hann heldur, og láta okkur nægja að lifa á afköstum hans. Ef við höfum afl til þess að

færa landið í nýtt skart og láta nýjan gróður klæða auðnir og sanda, brosir ný og björt framtíð við okkur. Friðun Þjórsárdals gæti skorið úr jafn brennandi spursmáli og þessu. Þess vegna verður nú á næstunni leitað til þeirra, er hlut eiga að máli, og fjárveitingavald þjóðarinnar beðið um hjálp til þess að koma þessu í framkvæmd. Fjármagnið, sem þarf til þessa, nemur tæpum þrjátíu aurum á hvert mannsbarn á landinu, og það ætti ekki að vera tilfinnanleg byrði fyrir þjóðfjelagið.

Hákon Bjarnason.

(Mjer er skylt að geta þess, að meðan á samningu þessarar ritsmíðar hefur staðið, hef jeg verið erlendis, og því ekki átt kost á að kynna mjer, hvort unnt væri að afla fleiri heimilda um skóga í Þjórsárdal á liðnum öldum, og að Einar E. Sæmundsen skógarvörður hefur verið mjer hjálplegur við að tína þessar heimildir saman og bent mjer á ýmislegt, sem varð til þess að gera greinina betri og læsilegri.

Við lestur brjefs Gísla biskups og af frásögn Jarðabókarinnar hef jeg rekist á eitt atriði, sem mjer þykir rjett að taka fram, þótt það sje óviðkomandi efni undanfarandi ritgerðar. - Í ritgerð Brynjólfs Jónssonar frá Minna-Núpi eru Lóþrælar taldir í framanverðum Fossárdal, en brjefið segir, að skógur með nafninu Lóþrælar hafi verið í Reykholti, og Jarðabókin segir, að Lóþrælar hafi verið milli Fagraskógar og Bergálsstaða. Er því sjálfsagt að ætla, að hinn forni bær, eða hinir fornu bæir, Lóþrælar, hafi verið undir vestanverðu Reykholti, en ekki undir Stangarfjalli. Að ekki finnast lengur nein merki þessara staða, er ekki óeðlilegt, því að svo mikill sandur hefur borist að fellinu og lagst þar í skjól, að ekki er hægt að búast við, að finna neinar leifar þarna.

Og eitt atriði enn. Jeg hef verið að velta því fyrir mjer á ferðum mínum um dalinn, hvornig á því standi, að þar er aðeins eitt fell með Dímonarnafni. Venjulega eru tvö fell eða fjöll sem hljóta nöfnin stóri og litli Dímon. En þegar horft er upp að Dímon neðan af Sölmundarholti eða annars staðar neðan úr dalnum, finnst mjer skýringin auðsæ. Þá virðist litli kletturinn innan við Dímon, sem nefnist almennt Vegghamar, vera eins og minni útgáfa af Dímon sjálfum, og hefi jeg því látið mjer til hugar koma, að Vegghamar hafi verið talinn „litli Dímon“ einhvern tíma áður fyrr).

Summary in English.

Þjórsárdalur (the Þjórsár valley) is a district in South Iceland, in the easternmost part of the Árnessýsla and not far to the west of the volcano Hekla. The valley is about 6000 hectares in area, and the land between the valley and the river is ca. 7500 hectares. The valley itself and the land to the east of it is now a desert and there is no sort of growth except farthest down on both sides of the valley where there is some birch copse vegetation. All the ground is covered with sand and pumice and the mountain slopes are quite bare and devoid of vegetation. The valley contains the ruins of about 20 farms. In 1341 it was probably for the most part deserted because of an enormous fall of ashes from Mount Hekla, and from that time pumice from Hekla has frequently fallen over the valley and it has generally been believed that eruptions were the cause of the denudation of the valley and that they prevented fresh vegetation from gaining ground there anew.


It is only right to mention here that all soil in Iceland is loess which soon wears away and is blown away as soon as the vegetation growing in it and protecting it is spoilt. The only vegetation which can hold the soil permanently and prevent it from blowing away is birch woods and birch copses. Formerly most of the valley was covered with woods and old authorities inform us that great numbers of farmers from the scantily wooded districts of South Iceland came every year to this valley and its surroundings to fetch both charcoal and a great deal of wood.

This valley was settled about the same time as other districts in the country, viz. in the 9th and 10th centuries. It was at that time covered with vegetation and then of course also with birch woods and birch copses as elsewhere in the country. If the valley had not been well covered with vegetation we should not now find the ruins of

20 farmsteads. All the history of the district is extremely vague, right from the first down to the years 1555-1587 when the Bishop of Skálholt compiled a description of such woods as are above the highest farm in the mouth of the valley. This farm still exists and is inhabited. At the time when the document was drawn up woods and copses fetched high prices because all the surrounding districts were very poorly off for woods and each farmer needed a considerable amount of charcoal each year for blacksmith's work, and the document was compiled with the object of deciding exactly the right of ownership over each area. From this we see that there was a considerable wood on the western slopes of the valley as well as on the mountains to the east of it. The further distribution of the woods may to some extent be seen on the accompanying map (page 18).

The next sources extant concerning the woods of the valley are from 1708-09, and the distribution then may be seen on the next map. During these 150 years that elapsed between the writing of these two descriptions it may be seen that the wood had declined greatly both as regards area and quality. Indeed Hekla had erupted several times during this period, but we may assume that these eruptions had not done much damage as compared with the cutting down of the trees and the grazing of sheep, for the sources inform us that no less than 143 farms in the Árnessýsla district, besides many others on the eastern side of the river in the Rangárvallasýsla utilized the woods every year. In summer the area was used for grazing for sheep from these 143 farms and many others besides. From this information we must consider that the destruction of the valley is more or mostly to excessive cutting of trees and grazing of sheep.

The third map shows the present distribution of the vegetation, and according to descriptions of late years everything agrees as to the cause of the ruin of the valley,



Towards the end of the article the possibilities of trying to get the valley and the district east of it covered with vegetation again are taken into consideration. About two decades ago a fence was put up right across the mouth of the valley and the result is that though there has been some grazing of sheep on the outside of the fence the land has recovered and is now turning into grassland. On the inside of the fence there is always a great number of sheep every autumn, which is the only reason why the area inside the fence is still desert.

The plan made for re-covering the valley with vegetation is to surround it with a sheep-proof fence 25 kilometres long. Thus the valley ought to be covered with vegetation again in 20-25 years, and the wood would then gradually spread over the hill slopes. The cost of such a fence is estimated as about krónur 22,500.00 for surrounding 13,500 hectares of land, and will therefore only be very small for each hectare because the river Þjórsá actually fences the area on two sides.

H. J. Hólmjárn:

Jarðvegurinn og gróðurinn.

Í því litla rúmi, sem hjer er til afnota, mun jeg reyna að draga upp ofurlitla mynd af jarðveginum íslenzka, myndun hans og eðli. Er gott að gera sjer nokkra grein fyrir því, enda er jarðvegurinn annar aðalþátturinn, sem stendur undir öllum jarðargróða, en hinn er loftslagið eða veðurfarið.

Grundvöllurinn að jarðvegsmynduninni eru bergtegundirnar. Þeim má skipta í tvo aðalflokka, eldri og yngri bergtegundir, eða eldra og yngra gosgrjót.

Til *eldra gosgrjóts* teljast: *granit*, *syenit*, *gabbro*, *grænsteinn* o. fl. Af þessum eldri gosgrjótstegundum er aðeins fundið gabbro hjer á landi í föstu bergi við Papós og í hnallungum, sem koma fram undan skriðjöklum Vatnajökuls sunnan verðum og á Snæfellsnesi. Eldra gosgrjót hefur myndast á yfirborði jarðar við hin tíðu og stórfelldu gos, sem átt hafa sjer stað eftir að jörðin fór að kólna og skorpan var mynduð utan á eldhnettinum. Þessar bergtegundir eru stórkornóttar, þannig að með berum augum má greina, að þær eru samsettar af steinunum *feldspat*, *kvars* og *glimmer*.

Efnasamsetning þessara bergtegunda er nokkuð breytileg, en þó er sameiginlegt fyrir þær allar, að þær innihalda mikla kísilsýru, frá 66-80 % ; tiltölulega mikið kalium og natrium, eða 6-8 %, aluminium ca. 15 %, en aftur á móti mjög lítið járn og kalk .

Jarðvegur, sem myndast af þessum bergtegundum er vanalega mjög frjór enda þótt hann sje oft snauður af kalki. Sjerstaklega er áberandi, að leirjarðvegur myndaður af eldra gosgrjóti hefur mjög mikið hárpípuafll, þannig að vatn eða raki sýgst úr hinum neðri jarðvegslögum og kemur þannig jurtunum til góða, enda þótt um langa þurrkakafla sje að ræða. - Eldra gosgrjót er aðalbergtegundin á Norðurlöndum og vestanverðri Evrópu.

Yngra gosgrjót. Til þess teljast: *basalt* eða *blágrýti*, *líparít*, *hrafninnna*, vikur o. fl. Ísland er til orðið af þessum bergtegundum, og hefur basaltið langmesta þýðingu, þó líparítmyndanir sjeu ekki óalgengar. - Baula og fleiri fjöll vestan Norðurárdals í Borgarfirði, Staðarfjall í Skagafirði, við Torfajökul og víða á Austurlandi eru allmiklar líparítmyndanir. -

Basalt eða blágrýti er algengasta bergtegundin á Íslandi. Er meginhluti landsins af því myndaður. Talið er, að mestur hluti hjeraðanna og flest öll fjöllin norðan og vestan lands, frá Kollafirði í Faxaflóa norður til Vestfjarða og austur til Bárðardals, Austurland að mestu frá Breiðamerkursandi norður til Langaness, og ennfremur undirstaðan undir miðbiki landsins, sjeu hreinar basaltmyndanir. Til eru ýms afbrigði af blágrýtinu, og verða þau helztu nefnd síðar.

Blágrýtið aðgreinir sig frá eldra gosgrjóti með því, að hafa þjetta byggingu, sjeð með berum augum, en með stækkun koma í ljós krystallakorn. Blágrýtið er samsett aðallega af *feldspat* (svokölluðum labrador), *ágít* og *seguljárnsteini*, ennfremur er í því nokkuð af steinum, sem innihalda allmikið af fosfórsýru. Efnasamsetning blágrýtisins er einnig mjög frábrugðin efnasamsetningu hinna eldri gosgrjótstegunda, þannig inniheldur það ekki nema 42-55 % kísilsýru, kalium og natrium 2½-6 %, aluminium 9-18½, en aftur á móti er járnmagnið mjög mikið eða 10-20 % og kalk áberandi meira, 7-14 %. - Blágrýtið hefur ýms litbrigði. Það getur verið dökkgrátt,

mósvar, blásvar og hrafnsvar. Þegar blágrýtið hefur ollið upp úr iðrum jarðar sem fljótandi leðja, þá hefur það oft dregið sig saman í ferstrendar eða sexstrendar súlur, en oftast hefur það storknað án þess að taka á sig sjerstaka lögun. Blágrýtið er bæði hart og seigt og mjög illt að vinna það. Í því eru oft holur, sem myndast hafa þegar það var að kólna. Þegar það molnar undan ís eða vatni, verður það oft að mjög fínkornuðu dufti, sem auðveldlega fýkur fyrir ljettum vindi.

Tilbrigði af basalti má nefna: *Dolerit* eða kvarnagrjót, sem er grátt að lit og stórkornótt. *Hraungrýti*, sem er holótt hið innra og hrufótt hið ytra. *Móberg*, sem myndað er af eldfjallaösku, gjalli og bergmolum af ýmsri stærð og lögun, og *túff*, sem er sjerstaklega fínkornótt móberg. Liturinn á túffi er ýmislegur, dökkur, gulur, rauður o. s. frv. Hólaakirkja er byggð úr rauðu túffi teknu í Hólabyrðu. Ennfremur má telja *eldfjallaösku*, sem er muldar bergtegundir og smákrystallar, sem kemur fram við eldgosin. -

Jeg hef nefnt áður, að meginland Evrópu sje að mestu myndað af eldra gosgrjóti, granit, syenit o. fl., en undirstaða lands vors er blágrýtið, og það er *efniviðurinn í íslenzka jarðveginum*. - Það er því augljóst, að íslenzkur jarðvegur hlýtur að hafa allt aðra *efna-* og *eðlisfræðilega eiginleika* en jarðvegur meginlands Evrópu. Við skulum nú örlítið athuga, hvernig jarðvegurinn íslenzki, sem jurtirnar vaxa í, er myndaður, og hver eru höfuðeinkenni hans.

Ísland er til orðið á hinu svokallaða *Tertiærtímabili* eða seint á jarðmyndunartímanum. Ógurleg eldgos ráku hvert annað og ruddu bráðnum og glóandi blágrýtismassanum upp á yfirborð landsins. Þykk blágrýtislög hafa orðið til með millilögum af ösku og gjalli, eins og við þekkjum þau úr fjöllunum okkar. Eftir að landið var komið úr sjó, þá var um tíma miklu hlýrra hjer á norðurhveli jarðar en seinna varð og nú er, enda skapaðist hjer þá suð-



THE ALLEYWAY

rænn gróður, sem sjá má af surtarbrandslögum þeim, er fundizt hafa hjer í fjöllumum.

Seinna kólnaði tíðarfarið, *ísaldir*, ein eða *fleiri*, gengu yfir landið. Það varð allt jökli hulið. Aðeins stöku sinnum rifnaði jökullinn og upp gaus eldhafið eins og við þekkjum það nú frá Vatnajökli.

Allur gróður, sem til var á undan jökultímanum hefur farizt, enda þótt hlýrri tímabil hafi komið, þannig, að jökullinn minnkaði annað slagið. Jökullinn hefur mulið grjótið og nuddað af því kantana, malað yfirborðið í sand og dust, rifið af hæðir og flutt með sjer leir og grjót niður á láglendið. Þannig hafa myndazt hinar alþekktu jökulöldur og jökulfletir, „mórænur“, sem sjá má allsstaðar hjer á landi.

Þegar jökultímabilið var á enda, þá hefst *nútíminn*. Loftslag var svipað og nú er. Hjarnleifar jökultímans minnka óðum og gróðurinn byrjar að festa rætur. Fyrst eru það hinar lægri jurtir, *berfrævingar*, skófir og mosar, sem koma til sögunnar. Þær þroskast á steinum og í ísaldarleirflögum, þær deyja og rotna, en skilja eftir lífræna mold, sem gefur lífsskilyrði fyrir æðri plöntur. Fræ jurtanna hafa borizt með sjávarstraumum, fuglum og vindi. Jarðvegurinn myndast nú jöfnum höndum af rotnuðum jurtaleifum og fínmuldum blágrýtiskornum og eldfjallaösku, sem stöðugt hefur fokið frá hinum gróðurlausu auðnum, en stöðvast þar, sem gróður var myndaður. Þetta hefur haldið þannig áfram í þúsundir ára. Jarðvegslagið hefur þannig orðið þykkara ár frá ári og samtímis hefur gróðurinn teigt sig lengra og lengra út í eyðimörkina, og að síðustu hefur landið þannig orðið *viði vaxið milli fjalls og fjöru*.

Jarðvegurinn er því að *mestu leyti* myndaður af mjög fínkornaðri fokjörð, sem stöðvast hefur þar, sem gróður var fyrir. Sumstaðar hefur þessi jarðvegsmyndun orðið svo stórkostleg, að jarðlagið jafnvel er 2-5 m. eða meira á þykkt. En gróðurinn hefur haldið honum föstum, og

sjerstaklega hefur þó trjágróðurinn verið sterkur vörður og ótrauður fyrir hina lausu nýmynduðu „mold“.

Á landnáms tíð hafa leir og grjóttöldur ísaldarinnar verið þaktar af þykku jarðvegslagi grónu með birkiskógi og fjölskrúðugum og sterkum grösum og blómjurtum. - Hið votlenda láglendi hefur verið þakið kjarnmiklum mýrargróðri, og jafnvel þangað, sem mýrarstörin var mest ráðandi, hefur björkin teigt arma sína og myndað skóglendi.

Aðeins „delta“-myndanirnar meðfram ánum; það land, sem við nú köllum flæðiengi, t. d. í Skagafirði, Eyjafirði, í Árnessýslu neðanverðri og víðar, hefur verið skóglaut, en þar hefur líka vaxið hinn kjarnmikli gróður af gulstörinni. Svipur landsins hefur verið annar en nú, beru holtin og ásarnir, sem nú setja sinn svip á landið, hafa þá verið hulin jarðvegi og prýdd allskonar gróðri. Hinir ísfáguðu steinar, sem nú stinga höfði upp úr holtunum um land allt, hafa þá verið grafnir í gróðurmold.

Hverjir eru nú eiginleikar hins íslenska jarðvegs, jarðvegsins, sem er myndaður á svo sjerstæðan hátt, eins og lítillaga er lýst hjer að framan; jarðvegs, sem er myndaður af hinu fínkornaða blágrýti og blágrýtisösku; jarðvegs, sem er langtum ríkari af *járni*, *kalki* og *fosfórsýru*, heldur en jarðvegur, sem er myndaður af hinu eldra gos-grjóti, en hinsvegar inniheldur miklu minni kísilsýru og kalí.

Því miður getum við mjög lítið um íslenska jarðveginn sagt. Hann hefur ekki verið vísindalega rannsakaður þannig, að við þekkjum eiginleika hans eins og vera ætti og alveg verður að telja nauðsynlegt. Við vitum ekkert um hárpípuafli (kapillaritet) jarðvegsins; ekkert um vatnssogunaraflið (hygroskopisitet); ekkert um „kolloið“-ástandið; tiltölulega lítið um efnafarið; ekkert um skilyrði fyrir gerlagróðri í jarðveginum; ekkert um eituráhrif; ekkert um hvaða áhrif þetta mikla jármagn í jarðveginum hefur á gróðurinn, hvort það veldur eitrun, þegar dýpra kem-

ur niður o. s. frv., - þannig má lengi telja -, en þetta þarf að breytast og gerir það líka. -

Eitt vitum við þó með vissu og það er, að jarðvegur, sem er myndaður á sama hátt og lýst er hjer um íslenzkan jarðveg, hann hlýtur að blása upp, þegar tekið er frá honum það, sem er raunverulega skjól hans og skjöldur, gróðurinn, og þá fyrst og fremst trjágróðurinn. Af því að hann hefur verið eyðilagður svo stórkostlega, sem raun ber vitni um, þá eru nú afar víða gróðurlausar ísaldaröldur þar sem áður var fagur og skjólríkur birkilundur - Landar, reynum að bæta úr þessu. Græðum landið - styrkjum Skógræktarfélag Íslands!



Úr græðireitnum á Hallormsstað.

H. B.

Árni G. Eylands:

Messutrjen í Þrastalundi.

Við, sem erum borin og barnfædd og uppvaxin í þeim sveitum landsins, þar sem hvergi getur að líta viðarlund nje skógarbrekku, varla einstakann runna nje trje, og þær sveitir eru því miður margar, munum glögglega, hvert æfintýri okkur fannst, í bernsku, í frásögnum um skóga og merkur. Oft fundust okkur einhver undur hins fjarlæga og óþekkta, vaka í vísuorðum um laufgaðar greinar og limi þaktar götur. Og glataður yllur í sögnum um rauðablástur, kolagerð og háa skíðahlaða.

Í margri lausavísunni er minnst á trjágróður á einn eður annan hátt, vafalaust margoft af mönnum, sem alls ekki þekktu verulega skóga af sjálfssjón.

Björkin skartar öllu er á
eftir svartar nætur.
Vorið hjarta vekur þrá,
vermir hjartarætur.

Haustið kemur, reynir roðnar,
ribstrjen fella visin blöð. –
Gustur fer um götur troðnar,
greipum sópar torg og hlöð.

Í arfi máls og minninga hefur þjóðin alltaf átt skóga „skreytta reynitrjám“. Enn gengur sólin *til viðar*, um land allt, eins þar, sem hvergi sjest kjarr, jafnvel þótt hún hverfi í hafið. Enn er oft í *holti* heyrandi nær, þótt engin

sjeu trjen að leynast á bak við, og svo mætti lengi telja. Þjóðin, sem bjó hjer í „viðasnauðu landi“, því skógur óx hjer enginn utan björk og þó lítill vaxtar, var að mestu komin af mörkum austan, hún mundi vel hina „veturgrænu við“ Noregs, og þeir urðu því meira hugans hnoss, sem björkin eyddist meir umhverfis hin byggðu ból, eins og útilegumannadalirnir urðu því búsældarlegri, sem kuldi og skortur þjáði meir í byggðunum.

Frá öndverðu hefur það verið þjóðinni mikill bagi, að hjer var ekki húsaviður nothæfur til slíkra bygginga, sem byggðar voru annarsstaðar á Norðurlöndum, nje til stærri smíða. Þótt raftskógur og eldiviður væri mikils virði, skorti hjer mjög á. En hjer varð að búa að því, sem var. Hnignun lands og þjóðar er langtum samofnara mál, en orð er á gert. Það má segja, að þjóðin þjáðist með landinu, þegar eldgos og ísavetur og hverskonar óáran svarf fastast að. En það má líka segja, að landið þjáðist með þjóðinni, það lagði sín gæði fram til þess að milda vandræðin. Ein hin mestu gæði, sem lengst hjeldu, voru skógararnir, þótt þeir væru „lítills vaxtar“. Spámaðurinn mikli meðal ísl. skálda E. B. segir í kvæðinu „*Hvammar*“: „Þar treindist vor björk undir tönn og hníf“. Það verður aldrei reiknað nje fullskýrt, hvers virði það hefur verið fyrir þjóðina, hversu björkin treindist undir tönn og hníf meðan þjóðin var einangruð í landinu og varð að búa að sínu á sem flestum sviðum.

Nú er einangrunin rofin. Er þá ekki hlutverki bjarkanna lokið? Erum við nokkru bættari þótt verndist þær litlu leifar, sem eftir eru? Hjer hefur verið allmikið talað um skógrækt hin síðari ár. Skógrækt ríkisins, Skógræktarfelag Íslands, skógrækt kringum hús og bæi o.s.frv. Finnur þetta hljómgrunn hjá þjóðinni? Jeg held nokkuð skorti á, að svo sje, og það er vorkunn. Miðað við þá aðstöðu, sem nú er fengin til innfl. og viðskipta, og þær kröfur, sem nú eru gerðar, virðist þýðing lágvaxinna bjarkarskóga - eða rjettara sagt kjarrleifa, ekki vera

mikil - fljótt á litið. Þau búdrýgindi nema ekki miklu í milljónaveltunni, munu ýmsir segja. Skógræktin hefur að þessu nær eingöngu snúist um það, að friða skógarleifar þær, sem til eru, og enn er geysimikið ógert á því sviði. Grundvöllur þess, að því starfi verði haldið áfram, er að það verði almennt skilið, *hvers virði* það er, að friða skógarleifarnar, og að þær rísi úr rústum, dafni og vaxi, og að það verði *viðurkennt*, að slíkt sje *mikils virði*, bæði fyrir landið og þjóðina og einstaklinga hennar.



Úr Hallormsstaðaskógi.

Ól. Magn.

Fyrst er venjulega um það spurt, hverjar *nytjar* megi hafa af skógunum. En þar verður að ganga hreint til verks og horfast í augu við þá staðreynd, að um verulega tekjumiklar nytjar er ekki að ræða í sambandi við friðun og umhirðu skógarleifa, *ef* ekki er horft nema á *næsta leiti, skammt fram í tímann*. Mörgum vex jafnvel í augum sá *nytjamissir*, sem þeir telja sjer af því, að friða skógana, og er þá átt við beitina. En þetta er að horfa of mikið á stundarhag. Saga hinna eyddu skóga

sannar nægilega, að notkun skóganna til beitar stefnir að algerðri tortímingu þeirra og fullkominni glötun þess verðmætis, sem beitin kann að vera, því víða eyðist ekki aðeins björkin. Uppblástur landsins fylgir eyðingu hennar og missist þá líka sá grasgróður, sem þreyfst í skjóli birkisins, svo að landið verður verðlaust með öllu.

Með því að horfa lengra á leið má með sanni sjá, að jafnvel not skóganna til beitar, aukast við friðun og aðhlynningu, þótt nokkuð þurfi eftir því að bíða, og ekki verður um það deilt, að meiri frambúðareign er í landinu algrónu skógi og grasi, en örfoka skriðum og melum.

Miklar vonir eru bundnar við vinnslu hvítu kolanna; menn vonast eftir, að þau verði brátt notuð til kyndingar á hverjum bæ, og þá meta menn lítils það eldsneyti, sem til fellst úr dafnandi griðskógum. Látum svo vera, okkur er ótamt að lúta að litlu, og réttast mun að gylla ekki fyrir neinum not skóganna til efniviðar og eldiviðar í náinni framtíð. En þótt slíkum nytjum sje ekki hampað, kemur sem betur fer margt annað til, og að því er jeg hygg, jafnvel nytjar, sem menn til þessa hafa ekki gert sjer grein fyrir eða hugleitt sem skyldi. Jeg skal aðeins dvelja við þrjú atriði, og þó mest við eitt.

Landið var viði vaxið milli fjalls og fjöru, þegar byggð hófst hjer. Það er fræðilega ljóst og sannað, að taka verður þessa umsögn fyllilega alvarlega. Hún er sannanlega sönn. Megnið af öllu þurrlandi sveitanna frá fjöru og upp undir og upp í hlíðar, hefur verið kjarri og skógi vaxið. Björkin hefur verið ráðandi planta í gróðrarríki landsins. Þá, sem síðar, hefur þessi gróður - og gróðurlandið yfirleitt - oft orðið fyrir stórum áföllum af eldgosum, skriðuföllum, jökulhlaupum og öðrum vatnagangi. Þá, sem síðar, hefur landið sumsstaðar verið að ganga úr sjer og annarsstaðar verið að gróa og batna. En þá græddust sárin fljótar en nú, þá var færra, sem truflaði störf hinna græðandi afla náttúrunnar.

Mikil breyting er á orðin. Hin sjerstæða jarðvegs-

myndun landsins og það, að hjer var að mörgu leyti treyst á fremsta hlunn um skilyrði fyrir skógargróður, olli því, að skógunum varð erfið sambúðin við Austmennina; stórum erfiðari en skógum heimalandsins Noregs. Skógarnir eyddust og það losnaði um rokmoldina. Landspjöllin gripu um sig, og hin græðandi öfl höfðu ekki við. Afleiðingarnar þekkja allir: hin víðáttumiklu örfoka svæði, holt, mela, sanda og hraun.



Myndin sýnir vöxt furulundarins á Hallormsstað.

H. B.

Enn eru til stór svæði gróin birki, víði, lyngi og öðrum gróðri, sem fyrr eða síðar hljóta sömu örlög, ef birkinu er útrýmt, en sem munu haldast gróin fögrum gróðri aðeins ef birkinu er hlíft, því það er hin þrautseigasta og öruggasta landvarnarplanta, sem landið elur, ef til vill að *melnum* einum fráskildum í hinum eðlilegustu heimkynnum hans, roksöndunum.

Hvers virði er slík landvörn? Hvers virði er að vernda hin víðáttumiklu kjarrsvæði landsins frá uppblæstri og

auðn? Því verður eigi svarað með tölum. Sem betur fer eru þessi svæði enn mörg og sum stór. Jeg vildi að jeg gæti tekið hvern þann, sem ekki trúir á landvörn birkisins, eða þýðingu hennar, með mjer upp á ofurhált fjall, ekki til þess að sýna honum öll ríki veraldar og þeirra dýrð, heldur til þess að sýna honum í senn viðurstyggð eyðileggingarinnar og undramátt bjarkanna. Jeg veldi að staðnæmast á austurbrún Vaðlaheiðar. Niður undan og allt um kring örfoka hrjóstur og melar, og andspænis, til vinstri, sem útbreitt landabrjef örfoka melarnir hjá Hálsi og víðar norður um, en til hægri Vaglaskógur og innar Þórðarstaðaskógur til suðurs. Þar getur að líta mun. Landið mælir ákveðnum orðum, sem enginn Tómas mun áforma að rengja.

Ef einhvern skyldi sundla „að horfa svo hátt“ af Vaðlaheiðinni, þá vildi jeg taka þann hinn sama með mjer leiðina um Andakíl í Borgarfirði út á Akranes. Fara um Hafnarskóg. tilkomulítið kjarrlendi, sem heldur velli alveg milli fjalls og fjöru, enda er það ekki breitt bil, en Hafnarskógur afsannar fyllilega allar kenningar um það, að skógur geti ekki gróið nema inn til afdala vegna sjávarloftsins og seltunnar. Þarna þvo öldurnar jaðrana á neðstu skógartorfunum, og nærri má geta, hvort sjávarseltan nær ekki þarna inn frá opnum Faxaflóanum. Þegar Hafnarskóg þrýtur á suðurleið, taka við örfoka melar út Melasveitina, alónýtt land eins og það er nú, ömurlegt og autt. Áður hefur það allt verið þakið jarðvegi og vaxið viði.

Svipuð dæmi sem þessi, meira eða minna sannfærandi, má finna um land allt, í öllum sýslum landsins, ekki stendur á því. Er nokkur, sem vill halda því fram í alvöru, að einu gildi þótt hin kjarr- og skógargrónu lönd eyðist? Er nokkur, sem athugar þetta, svo skammsýnn, að hann sjái ekki, að það er stórt og víðtækt hagsmunamál fyrir landbúnaðinn, og þjóðina alla, að vernda allar þær skógarleifar, sem til eru og bjarga þannig stórum verðmætum fyrir nútíð og framtíð? Jarðvegurinn - sjálf frjómolinn

- verður alla tíð eitt af helztu auðlindum landsins. Þótt nú sje rúmt í sveitunum, þá eru ekki allar jötur svo fullar, að einu gildi og engu muni, þótt nokkur hundruð eða þúsundir hektara af þeim auði hverfi út í veður og vind. Óbornar kynslóðir munu kunna okkur litla þökk fyrir ráðsmennskuna, ef við látum slíkt ske, vitandi hvað er að gerast og hvað við liggur.

Skógfriðun til landvarnar er þjóðhagsatriði - beinhart peningamál -, en þá kem jeg að öðrum þætti málsins, að því, sem segja má, að ekki verði í askana látið.

„Landið var fagurt og frítt“ og er það enn, en hver sjónarsviftir væri ekki að því, að þeir skógar og þau kjörr, sem enn eru til víða um land, eyddust að miklu eða öllu leyti. Hvort myndu Akureyringar vilja missa Vaglaskóg, Austfirðingar Hallormsstaðaskóg, Rangæingar Þórmörk, Sunnlendingar og Reykvíkingar Þrastaskóg, skóginn við Laugarvatn og víðar í Laugardal. Um leið og þessu er svarað neitandi, er rjett að minna *Reykvíkinga* á það, að nærri bænum eru til ófriðuð skógarkjör, sem þeir hafa enn eigi uppgötvað, en sem þeim ber brýn skylda til að friða. Og Akureyringa og Eyfirðinga má minna á skóginn í Leyningshólum.

Við viljum ekki missa skógana, þótt þeir sje ekki háir í lofti. Segjum berum orðum: við erum ekki aumari en svo, að við viljum og getum offrað því, sem þarf, til þess að vernda skógana og varðveita þá; þó ekki sje til annars en að hafa af þeim *yndisarð*; svo mikilsverð teljum við okkur og börnum okkar þau not. Látum sjá, að svo sje.

Jeg ræði ekki þetta augljósa atriði frekar, en nota sama tækifærið til þess að minna á einn stað, þar sem saman þarf að fara friðun skógar, til landvarnar og til prýðis fyrir alna og óborna. Það er við Haukadal í Biskupstungum. Vitið þið það, sem þetta lesið, að við Haukadal, allskammt norðan við hinn fræga Geysi, er sá voði á ferðum af uppblæstri og skógarfalli, að innan fárra áratuga verður

Geysir inn á öræfum norðan við byggð í Árnessýslu, ef ekki verður aðgert, bæði með friðun Haukadalssskógar og sandgræðslu. Nú er fagurt að líta frá Geysi til Haukadals og Haukadalshlíða og raunar hvert sem lítið er, að mestu algróið land og búsældarlegt. Það er búið að endurvekja Geysi. Hver vill verða til þess að vekja alþjóð og Alþingi, svo harkalega, að umhverfi Geysis verði verndað frá eyðileggingu uppblástursins. Óskandi væri, að háttvirtir kjósendur þrýstu ofur lítið á hnappinn í þessu máli.

Sunnlendingum vil jeg benda á það, að friðun Haukadalsins er langtum meira aðkallandi mál, en friðun Þjórsárdals og vil jeg þó á engan hátt letja þess, að hann verði friðaður, svo landnámi gróðursins miði þar örur áfram. Yfirleitt er Þjórsárdalur að gróa upp, þótt hægt gangi fyrir örtröðinni, en að hinum algróna Haukadal stefnir óðfluga tortíming örfoks og sands.

Þá sný jeg mjer að því, að ræða um þau not skóganna, er jeg tel mest verð fyrir framtíðina; not, sem enn munu ekki vera ljós öllum þorra manna. Margir munu jafnvel segja, að hugmyndir mínar um þá hluti, sjeu öfgar einar og fjarstæða. Jeg tel sannað, að bjarkarkjörrið geti borið oss *framtíðarskóga*, svo jeg noti orð skáldsins; að þau geti borið oss *sígræna framtíðarskóga*. Jeg tel sannað, að víðast hvar, þar sem svæði eru gróin samfelldum birkigróðri, þótt ekki sje nema kjarr að hæð og þroska, þar sjeu möguleikar til þess að planta barrtrjám, greni, furu, lævirkja og ef til vill fleiri tegundum, með þeim árangri, að á fáum áratugum komi hjer upp barrskógur til mikilla nytja, stórum meiri nytja en ef aðeins sprytti birki og reynir. Hvers virði slíkt væri, mun ekki þurfa að skýra, um það verður naumast deilt. En þessi fullyrðing mín er svo stór og nær svo mikið lengra, en menn eiga að venjast, að henni þurfa að fylgja einhverjar sannanir eða drög til sannana, svo hún sje frambærileg. Fullkomnar fræðilegar sannanir get jeg því miður ekki lagt fram fyrir máli mínu. Jeg hef ekki haft aðstöðu til að framkvæma rann-

sóknir, er til þess þyrftu, enda er það sem áhugamaður, en ekki sem sjerfræðingur, að jeg ræði um þetta mál. En drög til sannana, ljósar líkur, get jeg lagt fram, og bið sem flesta að athuga þær með mjer.

Hinn forni skógargróður landsins er, eins og kunnugt er, nær eingöngu birki með afarstrjálu ívafi af reyni.



Á. G. Eyl.

„Fögur er hlíðin“ - furuskógur á Þingvöllum.

Þar að auki er öspin til sem einstakt grasafræðilegt fyrirbrigði, og fjalldrapi og víðir, sem kjarrgróður. Barrvíðir eru ekki til sem sjálfvaxinn innlendur gróður. Síðan um aldamót hafa verið gerðar nokkrar strjalar og óskipulegar tilraunir til þess að planta hjer ýmsum öðrum skógartrjám. Hin merkustu þeirra eru nokkrar tegundir af *furu*, *greni* og *lævirkja*.

Kunnust eru gróðursetningarsvæðin á Þingvöllum, við Rauðavatn og á Grund í Eyjafirði. Öll frá því skömmu eftir aldamót. Í sömu andrá vil jeg nefna trjálundi Ræktunarfjelags Norðurlands á Akureyri og nokkrar hríslur

í holtmó rjett norðan við aðalbyggingar heilsuhælisins á Vífilstöðum. Á engum þessum stað var áður birkiskógur nje kjarr. Tilraunin við Rauðavatn og á Vífilstöðum hefur af flestum verið skoðuð sönnun þess, að plöntun barrskógar væri vonlaust verk. Þingvallareitsins hefur verið að litlu getið, eða verið talinn sönnun þess sama. Skóggróðrinum á Akureyri dást allir að, en flestir halda, að árangurinn sje að þakka garðyrkjunostri og nákvæmni. Skógarbletturinn við Grund í Eyjafirði er farinn að vekja athygli, en aðdáendurnir úr öðrum hjeruðum friða samvizkuna með því, að það sjeu „hin ágætu skilyrði í Eyjafirðinum“, sem valdi því, að þarna hafi vel til tekist.

Menn þurfa áreiðanlega að fara að endurskoða þekkingu sína og skoðanir viðvirkjandi þessum „gömlu“ skógræktartilraunum. Á öllum þessum stöðum var byrjað á grundvelli erlendrar reynslu og mjög í óvissu. Útlendar plöntur, mest danskar, voru notaðar, og val þeirra mest getgátur. Þó er sannleikurinn um útkomuna sá, að á öllum þremur stöðunum, Akureyri, Grund og á Þingvöllum, er árangurinn fullgóður í þess orðs rjettustu merkingu. Eða mjög svipaður eins og menn eiga að venjast, t. d. á józku heiðunum og á Jaðrinum í Noregi, með sömu aðferð og umönnun og sama plöntuvali. Á þrjátíu árum er björninn unninn á þessum þremur stöðum, og 30 ár eru ekki langur tími, þegar græða skal fjallið.

Á öllum þremur stöðunum gekk illa framan af, plönturnar stóðu lengi í stað eða uxu mjög hægt, en þegar þær komust svo langt, að þær fóru að hylja svörðinn og skýla hver annari, þá varð vöxturinn hraðari. Um leið breyttist jarðvegurinn til hins betra fyrir plönturnar, svo samræmi varð milli jarðvegs og hins nýja gróðurs - skógarins. -

Hin síðari ár hefur vöxturinn ekki aðeins verið góður, heldur ágætlega góður. Samkvæmt mælingum Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra, hafa trje við Grund vaxið á 5 árum, 1930-35:



Lerkitrjén við Grund í Eyjafirði. Trjén gróðursett um 1900—1902. Myndin tekin 1936. H. B.

Fjallafura	110	cm
Cembrafura	130	-
Lævirki	140	-

Lævirkin hefur því vaxið um 28 cm á ári, og er nú orðinn yfir 5 metrar á hæð. Tíminn leyfir ekki að telja fleiri mælingar. En það er ekki hinn mikli ársvöxtur, sem er mest gleðiefni, heldur hitt, að vöxturinn er *eðlilegur* og áfallalaus ár frá ári, eins og trjen vaxi í heimkynnum, sem sjeu í alla staði eðlileg fyrir þau, og allt í lagi.

Þótt ver hafi gengið við Rauðavatn og Vífilsstaði, er ekkert að óttast. Jarðvegsskilyrði á báðum stöðunum eru hin ljelegustu. Plöntuval og aðhlynning ekki í samræmi við þau, og því ekki við góðu að búast.

En þá viku sögunni að því, að á fáeinum stöðum hefur verið plantað barrtrjám og öðrum nýjum trjáplöntum innan um fornan birkigróður, þar sem er fyrir hendi skógarsvörður og skjól. Í ársriti Skógræktarfélags Íslands í ár (1936) eru myndir af greni, furu og lævirkjatrjám, sem vaxa í Hallormsstaðaskógi. Þær myndir þyrfti hver einasti maður að sjá, sem efar að regluleg skógarræktun til nytja, sje kleyf hjer á landi. Eða öllu heldur trjen sjálf, sem myndirnar eru af, en því miður hef jeg ekki átt þess kost að koma í Hallormsstaðaskóg og því nefni jeg myndirnar, og held mjer við frásögn Hákons Bjarnasonar skógræktarstjóra. Þarna eru skógarfurur, sem eru 5 metrar á hæð og 30 ára blágreni 6 metrar. Þarna er lundur af skógarfuru og þjettar raðir af lævirkja. Hið eina, sem á vantar og hlýtur að valda manni hryggðar og jafnvel gremju, er, að þarna skuli ekki hafa verið meira aðgert; að þarna skuli ekki hafa verið haldið áfram að planta svo nam dagsláttum. Þvílíkt tómlæti, að við skulum hafa beðið í 30 ár og horft á hina glæsilegu sígrænu við vaxa og dafna, án þess að trúa því, að þetta væri alvara og veruleiki. Án þess að trúa því, að vegurinn væri fær að því merkilega marki, sem nú er glöggt framundan.

En þetta er í bezta skógi landsins, Hallormsstaðaskógi, munu menn segja, slík skilyrði eru ekki annarsstaðar. Jeg skal því víkja sögunni til Suðurlands. Í sumar gekk jeg um Þrastaskóg, skóginn sem Tryggvi Gunnarsson gaf Ungmennafjelögunum og þau friða og hirða. Það voru um 10 ár síðan jeg hafði komið þar næst áður. Mjer fannst vöxtur skógarins lítill, enda hefur hann verið mjög illa farinn, er hann var friðaður, svo hæpið er, að af þeim stofni vaxi nokkurntíma fagur skógur og efnilegur. Í Þrastaskógi eru 2 allstór reynitré, sem eru friðuð með sérstökum girðingum, sem settar hafa verið um þau. Í annari þessari litlu girðingu sje jeg röð af furutrjám 80-100 sm. háum. Þau eru beinvaxin, gallalaus, og í alla staði hin efnilegustu. Ársvöxtur síðustu þriggja ára um 20 sm. Jeg fór tafarlaust til skógarvarðarins, Aðalsteins Sigmundssonar kennara, sem dvaldi í tjaldi í skóginum, og leitaði frjetta hjá honum, hver þarna hefði verið að verki og hvenær. Aðalsteinn sagði mjer, að Helgi Valtýsson hefði gróðursett þessar furur, norskar plöntur, um há messutímamenn sunnudag einn haustið 1928. Jeg gekk aftur upp að messutrjámum, og þaðan gekk jeg með þeim hug, að jeg horfði með nýrri sjón yfir kjarrið í Þrastaskógi. Jeg sá, að það eru engin frambærileg rök fyrir hendi móti því, að ef þarna hefði verið plantað þúsundum af furutrjám í stað hinna fáu 1928, eða smámsaman síðar, þá væri þarna í skjóli birkikjarsins að vaxa upp efnilegur furuskógur. Og í huganum sá jeg víðar. Jeg sá vormenn Íslands, skólabörn og unglinga á 24 tíma löngum vordögum, ganga á gleðifund og planta ár eftir ár tugum þúsunda af plöntum í hin afgirtu og friðuðu kjörr um land allt. Jeg sá þennan möguleika, að láta kjörrin ala upp fyrir okkur framtíðarskóga, sígræna og háreista nytjaskóga, verða til þess, að menn kepptust um að vernda allar þær skógarleifar, sem til eru í landinu, sem hina dýrmætustu stofnsjóði framtíðarinnar.

Við hjeldum áfram austur, og upp í Laugardal. Breið-



Björn Arnórsson.

„Messutrjen“ í Þrastaskógi. Myndin tekin sumarið 1936.

ar birkihlíðar blasa við austur frá Laugarvatni. Þar er verkefni og tækifæri fyrir unglingana, sem skólann sækja, að treysta trú sína á landið. Skógræðsludagar á vorin í sambandi við hjeraðsskólana fyrir nemendur þeirra og aðra væru ekki minna til manndóms, en nokkrir bókmenntatímar, ef vel væri á haldið.

Sannanir eru fengnar fyrir því, að hjer getur vaxið fjölbreyttari, meiri og betri skógargróður en íslenzka birkið, ef það er friðað, um það hirt, og rjett völnum plöntum plantað á heppilegan hátt, í skjóli þess, í þann skógarjarðveg, sem það hefur að nokkru leyti myndað. Hvað dvelur þá Orminn langa. Er ekki meira en kominn tími til, að yfirgefa þá „tilraunaaðferð“, að planta nokkurum trjám og bíða svo 10-30 ár eftir árangrinum án

frekari aðgerða. Nú er kominn tími til þess, að ganga að því - ekki eins og hverju öðru verki - heldur sem fagnaðarstarfi, að planta þúsundum trjáa ár hvert. Hin afgirtu svæði eru til og fleiri bætast við. Skólabörn og unglingar, ungmennafjelög, íþróttafjelög og allir, sem áhuga hafa, vinna verkið, sameina gagn og gleði, undir stjórn og með leiðbeiningum kennara og annara góðra manna. Til að byrja með verður að nota norskar plöntur, þær beztu, sem völ er á. Samhliða því elur skógrækt ríkisins upp miljónir plantna, svo við getum eftir fá ár haft gnægð af þeim.

Til þess þetta megi verða, þarf áhuga og trú, ofurlitla vinnu, sem þó að meira en hálfu leyti er hátíðahald, en aðeins sáralitla peninga. Þúsundið af heppilegum norskum plöntum kostar frá 20-40 krónur hingað komið.

Ekki má kippa sjer upp við það, þótt mikið fari forgörðum af því, sem plantað er; þetta er eins og laxa- og silungaklak, ef 10-20 % kemst á legg, þá megum við vera ánægð. Þess vegna þarf að planta fjölda plantna, og planta jafnt og þjett. Með þessu móti fæst aukin reynsla, en ekki með því að bíða og halda að sjer höndum, og með aukinni reynslu fæst betri og betri árangur.

Engar jarðabætur er hægt að vinna í sveitum landsins, sem betri eru en að planta skóg. Sú jarðabót er einstök að því, að hún fer alltaf batnandi, ef vel er frá gengið, en gengur ekki úr sjer, þótt árin líði. Trjen vaxa meðan við sofum eða dveljum fjarvistum. Fyrirferðalítill æskuverk, unnin að mestu sjer til skemmtunar, lifa þá, sem þau unnu, og margfaldast að verðmæti áratug eftir áratug.

Þjóðskáldið Einar Benediktsson hefur minnzt bjarkanna og skóganna í mörgum kvæðum sínum. Í kvæðinu „Bjarkir“ segir hann svo:

Þær hlífðu sjer nokkrar við hamra skjól,
og horfðu á móti rísandi sól,
á stofninum aldna, með unglimið nýtt,
hjá alfara stiginum mjóa.

Þar vöfðust þær örmum og hlúðu sjer hlýtt,
hin harðgerðu trje, gegnum blítt og strítt,
og guð, hann ljet bjarkirnar gróa.

Um langar styrjaldir hyrjar og höggs
bar höndin ráns hina blikandi öx
og stofnar og kvistir af iðinni önn
í eldanna kesti hlóðust.
En herjandi logann, og hjarnsoltna tönn,
með höfuðin beygð undir þyngjandi fönn,
samt blessaðar bjarkirnar stóðust.

Því þeim var það ætlað að bera sitt bar
um byggðir og heiðar frá jökli að mar.
Já, þær áttu að græða Íslands und
með upprjettum, stoltum meiðum -
með heitorð af ástum í ilmviða lund,
með æskutrú bundna við hverja grund
og frægð yfir liðinna leiðum.

Ó, bjargið þið einhverju, hamranna hlje.
Himinsól vermdu þau lífvænu trje,
fyrir allt sem vor björk hefur borið og strítt,
svo hún beri oss framtíðarskóga.
Ein frelsandi mund komi og hlúi nú hlýtt
hinum harðgerðu viðum með unglimið nýtt.
Vor guð, lát þá verndast og gróa.

Já, það eru „hamranna hlé“, sem bezt hafa bjargað margri
skógartorfunni, sem enn er óeydd. Svo *hefur* það verið hingað til. En,
nú eru það við, sem eigum að bjarga kjörum og skógum. Þúsundir
munda þurfa að hlúa hlýtt að

„hinum harðgerðu viðum með unglimið nýtt“,
svo þeir

„beri oss framtíðarskóga“.

Framtíðarskóga -

„með upprjettum, stoltum meiðum“,
„með æskutrú bundna við hverja grund
og frægð yfir liðinna leiðum“.

1. des. 1936.

Ragnar Ásgeirsson:

Reyniviðurinn í Nauthúsagili.

Það kom við mig eins og andlátsfregn gamals og góðs vinar, þegar útvarpið flutti þá sorgarsögu síðastliðinn vetur, að reyniviðurinn í Nauthúsagili væri fallinn.

Þeir, sem höfðu komið í Nauthúsagil, vissu, að hann var eitt mesta djásn íslenzkrar lífrænnar náttúru, stærstur og að líkindum langelztur allra trjáa á landinu. Þarna hafði hann staðið í mannsaldra á barmi gilsins; elztu menn, sem nú lifa og þekktu hann, hafa sagt mjer, að þegar þeir voru börn og sáu hann fyrst, hafi þeim virzt hann jafn stór og þeim sýndist hann nú. Við og við höfðu fallið af honum stórir stofnar, en jafnan höfðu nýir vaxið fram í þeirra stað. Rætur sínar átti hann í fjárbóli á gilbarminum og skorti því aldrei næringarefni, enda skýrir þetta hinn óvenjumikla þroska þessa trjes. Stórir stofnar risu skáhallt út yfir gilið; einn þeirra var lárjettur og náði yfir gilið, þar sem það er margra metra breitt. Eftir honum gengu þeir, sem það þorðu, jafnan yfir gilið.

Mjer er í minni, þegar jeg kom fyrst í Nauthúsagil og sá „hrísluna“ í fyrsta sinn; hrifinn var jeg og hissa, því aldrei hafði mig dreymt um svo stórt og fagurt trje á Íslandi. Svo miklum þroska getur reynirinn náð hjer, ef skilyrði eru góð. - Síðan kom jeg aldrei á þessar slóðir án þess að koma við í Nauthúsagili. Jeg sá reynirinn snjóhvítan af blómum í júní, jeg sá hann rauðan af berjum í september, með syngjandi þresti í laufinu, og jeg sá hann



Reynitrjeð í Nauthúsagili.

Geir Zoëga.

nakinn í nóvember, með snjó yfir stofnum og greinum. En alltaf var hann jafn stórfenglegur og prúður á öllum tímum árs. En svo mikil snjóþyngsli fellu á hann í vetur, að undan þeim hrapaði hann niður í ána, sem rennur um gilið. Þar lá hann í vetur, þangað til bændurnir í Mörk limuðu hann í sundur og fluttu hann heim á 6 vögnum. Stykki úr einum stofninum sendi Sæmundur hreppstjóri í Mörk mjer til minningar; hann er rúmlega 1 meter að ummáli og má þar telja 99 eða 100 áhringi.

Kynsæll hefur þessi fallni höfðingi verið. Reyniviðirnir hjá Guðbjörgu og Árna Einarssyni í Múlakoti eru afkomendur hans. Og margir, margir fleiri.

Einn afsprengur lifir enn eftir, á gilbarminum. Við skulum vona, að úr honum verði trje, þegar árin líða.

Reynirinn í Nauthúsagili var prýðin Eyjafjalla.

Grein um Reynitrjeð í Nauthúsagili birtist í þessu riti 1934 (sjá Um myndirnar bls. 56). *Ritstj.*



Girðingarhorn í Hallormsstaðarskógi. Skógurinn hefur náð að vaxa upp sakir friðunarinnar innan girðingarinnar.

H.B.

Hákon Bjarnason:

Góður gestur.

C. E. Flensburg forstjóri Heiðafjelagsins danska kom hingað til lands á síðastliðnu sumri. Kom hann hingað að tilhlutun Háskólans og á vegum danska ríkisins til þess að flytja hjer nokkra fyrirlestra um störf Heiðafjelagsins.

Flutti C. E. Flensburg 5 fyrirlestra í Reykjavík og 1 á Akureyri auk þess sem hann sýndi brot úr kvikmynd, sem Heiðafjelaði hefur látið gjöra. Erindunum var vel tekið, enda var mikill fróðleikur í þeim, og sennilega mun birtast útdráttur úr þeim í næsta Ársriti.

Skógræktin bauð C. E. Flensburg í ferðalag til Vagla og Hallormsstaðar til þess að hann gæti sjeð muninn á skógunum þar frá því að hann starfaði hjer á landi. Hefur hann lofað að senda okkur við tækifæri smágrein, sem lýsti þeim mismun, en sú grein nær vart í þetta rit.

Eins og mönnum mun kunnugt, en fleirum þó kannske ókunnugt, hófst skógrækt hjer á landi um síðustu aldamót. Var hún fyrst hafin fyrir atbeina hins ötula sjóliðsforingja C. Ryders, sem sigldi lengi hjer við land. Fekk hann C. V. Prytz, prófessor í skógrækt við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, í lið með sjer. Fengu þeir því til vegar komið með frjálsum samskotum og síðar með fjárstuðningi frá Alþingi, að C. E. Flensburg starfaði hjer í 7 sumur, frá 1900-1907. Ferðaðist C. E. Flensburg víða um land og kom á fót gróðrarstöðvunum við Rauðavatn, á Þingvöllum, við Grund í Eyjafirði og á Hallormsstað.



C. E. Flensborg, forstjóri Heiðafjelagsins.

Fyrir atbeina hans var Hallormsstaðarskógur girtur og græðireit komið á fót. Einnig hafði hann samið um kaup á Vaglaskógi áður en hann fór hjeðan.

C. E. Flensborg hafði verið starfsmaður Heiðafjelagsins áður en hann kom hingað til lands, en eftir að hann hafði starfað hjer í 7 sumur, var hann kominn út úr fjelaginu, og varð að byrja þar á ný sem yngsti starfsmaður og fyrir lítil laun. En hann komst fljótt áfram aftur sakir dugnaðar síns, og fyrir nokkrum árum varð hann forstjóri þessa mikla fjelags. Hefur honum vegnað betur í sínu eigin landi heldur en honum myndi hafa vegnað hjer, en þó var það með miklum trega, að hann skildi við

landið. Hefði hann verið fús til að starfa hjer áfram, ef stjórnin hefði viljað greiða honum 3000 kr. árslaun, er yfirstjórn skógræktarmálanna fluttist hingað til lands. En við það var ekki komandi, þótt síðar yrði að greiða eftirmanni hans sömu laun.

Frá árum þeim, sem Flensborg starfaði hjer, eru til ýtarlegar skýrslur um störf skógræktarinnar hjer á landi í „Tidskrift for Skovvæsen“. Er mikinn og góðan fróðleik í þeim að finna.

För Flensborgs hingað til lands mun án efa hafa verið honum til mikillar gleði og okkur, sem kynntumst honum og vorum með honum, til mikillar ánægju og andlegrar hressingar.



Hákon Bjarnason:

Frá Fossvogsstöðinni.

Næsta sumar verður fimmta sumarið, sem trjágróður stendur í stöð Skógræktarfelagsins í Fossvogi. Þótt aldurinn sje ekki hár, má margt um stöðina skrifa, og verður henni og gróðri hennar nokkuð nánar lýst í næsta Ársriti. Hjer verður aðeins stuttlega greint frá því helzta, sem unnið var á síðasta ári.

Framan af árinu voru atvinnulausir unglingar við ýmiskonar jarðyrkjustörf þar, en um þá vinnu var ritað í síðasta Ársriti.

Af því, hve mikil frost höfðu verið um veturinn, og af því, að jörð hafði verið því nær auð, tók klaka mjög seint úr jörð. Tafði það nokkuð fyrir störfum, því að víða var kviksyndi eftir að þeli hvarf úr efsta borði jarðvegsins. En að öðru leyti var ekkert til að tefja vinnu, og um tíma var unnið af mjög miklu kappi, því að 7 nemendur úr kennaraskólanum sóktu þar trjáræktarnámskeið um mánaðarskeið. Var þeim kennt að gróðursetja og fara með plöntur og fengu þeir æfingu í verklegum störfum. Er námsskeiðinu lauk, var vorvinna öll úti, og hirti einn maður stöðina í fyrrasumar. Hirðingin er nú orðin svo umsvifamikil, að það er fyllilega meðalmannsverk, að halda stöðinni hreinni.

Í stöðinni voru gróðursett um 600 2/2 ¹⁾ bjarkir frá

1) 2/2 þýðir, að plönturnar hafi staðið 2 ár í fræbeði og 2 ár dreifplantaðar í öðru beði. Aldur plönturnar fæst með því að leggja saman tölurnar fyrir ofan og neðan strikið.



Í skógræktarstöðinni í Fossvogi.

